

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 4. TBL. 19. ÁRG. 2013



JÚRÍDÍKÓERÓTÍSK
SMÁSAGA



BLIKUR Á LOFTI Í
ATVINNUHORFUM
LÖGFRÆÐINGA



Af vettvangi félagsins

Árni Helgason:

Leiðari 4

Jónas Þór Guðmundsson

Pistill formanns 12

Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir:

Blikur á lofti í atvinnuhorfum lögfræðinga 6

Viðtal við Valborgu Þ. Snævarr:

Mikilvægt að rækta samskiptin við umbjóðendur 14

Ingvi Snær Einarsson:

Lögmaður kemur jafnan fram fyrir hönd umbjóðenda sinna en ekki í eigin nafni 17

Árni Helgason:

KPMG-dómurinn: Miklar kröfur til milligöngu um fyrirtækjasölu 18

Viðtal við Davíð Þór Björgvinsson:

Áhugaverðast að fást við mál sem tengjast sögulegum atburðum í Evrópu 28

Á léttum nótum

Hdl. útskrift 10

Jólaaðventuhádegisverðarhlaðborðssamverustund 19

Af Merði lögmanni 21

Júridíkóerótísk smásaga eftir Lúðvík Emil Kaaber:

Erfið vörn í legorðsmáli 22

Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir:

Stefnumót við Hæstarétt 26

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:

Haukur Örn Birgisson hrl.,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
Þyrí Halla Steingrimsdóttir hrl. og
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður.
Jóna Björk Helgadóttir hdl., varaformaður.
Karl Axelsson hrl., ritari.
Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl., gjaldkeri.
Guðrún Björg Birgisdóttir, hrl., meðstjórn-
andi.

STARFSMENN LMFÍ:

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hermannsdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:

Forsíðumynd: Frá stefnumóti Félags
kvenna í lögmennsku við Hæstarétt.
Ljósmynd: Erna Heiðrún Jónsdóttir hdl.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:

arni@cato.is

PRENTVINNSLA:

Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



“

The team is praised as being very resourceful in difficult situations and providing outstanding value for money.

The Legal 500

”



Skuldaniðurfelling vekur spurningar

RÍKISSTJÓRNIN KYNNTI Á DÖGUNUM fyrirhugaðar aðgerðir sínar vegna verðtryggðra lána. Eftir þessu útspili hefur verið beðið frá því í vor, þegar ríkisstjórnin tók við og fyrstu viðbrögð eftir að áformin voru kynnt báru þess merki. Fólk var almennt fegið að loksins færi nú að koma lækkun á lánið þeirra enda þónokkur hópur sem fær allt að fjórum milljónum króna í lækkun með þeim hluta aðgerðanna sem snúa að beinni niðurfærslu lána.

Pólítísk umræða um málið er því marki brennd að auðvelt er að svara málflutningi þeirra sem hafa efasemdir eða gagnrýna áformin þannig að þeir séu á móti því að fólk fái „leiðréttingu“ á lánin sín. Hver er á móti því að margir hafi það betra og ótilgreindir erlendir hrægammur borgi? Það vilja ekki margir vera í því hlutverki, a.m.k. ekki þeir sem þurfa að ná endurkjöri í lok kjörtímabilsins.

Fjármögnun aðgerðanna háð óvissu

Engu að síður er fullt tilefni til að efast og spyrja. Aðgerðin er fjármögnuð að stærstum hluta með nýjum skatti, sem ætlunin er að leggja á þrotabú föllnu bankana en sá skattur á raunar einnig að brúa bilið varðandi fjárlög næsta árs.

Það er nýlunda hér á landi að skattleggja eignir þrotabúa og eru ýmsar ástæður fyrir því; eignir þrotabúa eru jafnan háðar ákveðinni óvissu, auk þess sem kröfuhafar búanna hafa orðið fyrir

verulegu tapi þá þegar, þar sem þeir fá ekki fullnustu krafna sinna.

Aðgerðin er afturvirk að því leyti að þessi skattur lá ekki fyrir þegar búin voru tekin til gjaldþrotaskipta, hvað þá þegar lánadrottinn föllnu bankanna lánuðu þeim á sínum tíma. Ekki frekar en það lá fyrir á þeim tímapunkti að innistæður yrðu teknar fram fyrir í réttindaröð við gjaldþrotaskipti og gerðar að forgangskröfum eða að gjaldeyrishöft yrðu sett á þannig að ekki væri unnt að komast út með peningana aftur.

Þessar tvær aðgerðir mátti þó rökstyðja með ákveðnum neyðaréttarsjónarmiðum á sínum tíma en slík rök eiga engan veginn við í þessu tilfelli, þar sem ríkisstjórnin er eingöngu að sækja sér fjármagn til að uppfylla tiltekin kosningaloford og til þess að loka fjárlagagati næsta árs.

Efnað fólk nýtur góðs af aðgerðum

Aðgerðirnar eru þannig uppbyggðar að allir með verðtryggt húsnæðislán njóta þeirra, algerlega óháð því hver eignastaða viðkomandi er að öðru leyti. Hjón sem keyptu sér einbýlishús í miðbæ eða vesturbæ Reykjavíkur árið 1990, svo dæmi sé tekið, njóta góðs af aðgerðunum, jafnvel þótt eignin hafi margfaldast í verði á þessu tímabili og áhvílandi lán nánast uppgerð.

Sú áhugaverða staða gæti jafnvel komið upp að einstaklingur sem greiðir auð-

legðarskatt vegna eignastöðu upp á 75 milljónir eða meira (t.d. ef viðkomandi á einbýlishús metið á 90 milljónir og á því eru áhvílandi 10 milljónir), fengi á sama tíma bætur frá ríkinu vegna þess skaða sem hann varð fyrir út af verðbólguáhrifum.

Leiga og námslán undanþegin

Að sama skapi tekur aðgerðin ekki til stórra hópa sem sannarlega urðu fyrir verðbólguáhrifunum án þess að eignir þess hafi hækkað á meðan, t.d. leigjendur og fólk með námslán. Aðgerðirnar ná ekki til þeirra, nema að því leyti að leigjendur geta ráðstafað séreignasparnaði sínum inn á sérstakan húsnæðissparnaðarreikning.

Þar sem hámark upp á 4 milljónir er sett á það sem hver og einn fær í sinn hlut varðandi beina lækkun lána þá er ennfremur ljóst að aðgerðin dugar ekki þeim sem mest skulda í eignum sínum. Þótt fyrstu viðbrögð við aðgerðunum hafi verið jákvæð er ljóst að fjármögnun aðgerðanna er óljós og mun að líkindum á hana reyna fyrir dómi. Sú ákvörðun að láta aðgerðirnar ná aðeins til hluta þeirra sem urðu fyrir verðbólguáhrifum á sínum tíma en skilja aðra eftir vekur ennfremur upp spurningar um jafnræði og skyldur ríkisvaldsins í þeim efnum. Það á því mikið ryk eftir að setjast áður en myndin skýrist endanlega.



Blikur á lofti í atvinnuhorfum lögfræðinga

Undanfarið hefur talsvert verið rætt um offjölgun í stétt lögfræðinga og þær afleiðingar sem hún hefur á atvinnumöguleika þeirra. Nýútskrifaðir lögfræðingar horfa fram á langvarandi atvinnuleysi en í ár hafa að meðaltali 70 lögfræðingar verið á atvinnuleysissskrá á sama tíma og 150 hafa útskrifast með meistaragráðu í lögfræði frá háskólunum fjórum.

Liðin tíð að lögfræðingar gangi í störf að loknu námi

Lítið hefur verið rætt um aukið atvinnuleysi meðal lögfræðinga og atvinnuleitendur hafa þurft að takast á við skilningsleysi samfélagsins þar sem það viðhorf er ríkjandi að næga vinnu sé að fá fyrir lögfræðinga. Þegar atvinnuleysi var sama og ekkert meðal lögfræðinga voru kannski örfáir atvinnulausir í lengri tíma vegna þess að þeir stóðust ekki kröfur atvinnurekenda - og auðvitað vill enginn falla í þann hóp. Einn þeirra sem hefur verið að leita að vinnu allt þetta ár segir að fyrst eftir útskrift hafi vinir og vandamenn spurt sig reglulega hvernig atvinnuleitin gengi. Enginn spyr hann lengur enda orðið afar viðkvæmt umræðuefni eftir rúmlega árs atvinnuleit. Viðvarandi atvinnuleysi meðal lögfræðinga er hins vegar orðin staðreynd og engin ástæða er til að láta sem eitthvað sé bogið við þá sem falla í þann hóp. Það er liðin tíð að lögfræðingar gangi beint í störf að loknu námi.

Hættir að gera kröfur um ofurlaun

Starfsumsóknir frá lögfræðingum hellast yfir lögmannsstofur landsins sem aldrei fyrr. Stofurnar hafa jafnvel fengið tilboð frá nýútskrifuðum lögfræðingum um að vinna launalaust í einhvern tíma, til að sanna sig og safna reynslu, auk þess sem dæmi eru um að lögfræðingar sæki um laus störf við símsvörun og í móttöku lögmannsstofa fremur en að vera atvinnulausir.

Ein stóru lögmannsstofanna hefur ekki auglýst eftir starfsmanni í tæplega tvö ár en er þrátt fyrir það að drukkna í umsóknum. Framkvæmdastjóri hennar segist finna fyrir örvæntingu hjá nýútskrifuðum lögfræðingum þar sem mjög frambærilegt fólk, sem verið hefur atvinnulaust í lengri eða skemmri tíma, sendir inn umsóknir, ítreki þær og komi jafnvel á staðinn: „*Þetta er langmest fólk sem vantar reynslu en svo höfum við einnig verið að fá umsóknir frá einyrkjum sem eru að gefast upp, eru komnir með einhverja reynslu en hafa átt erfitt með að fá viðskiptavinum,*“

sagði framkvæmdastjórinn. Félagi hans af annarri stofu sagði að greinilega væri ekki um auðugan garð að gresja fyrir lögfræðinga á vinnu-markaðinum um þessar mundir: „*Við fáum margar umsóknir frá nýútskrifuðum lögfræðingum en einnig frá lögfræðingum ríkisstofnana sem eru að fækka starfsfólki,*“ sagði hann.

Lögmannsstofa, sem hefur tvisvar

Í ATVINNULEIT

Ég hef verið í atvinnuleit frá því í vor þegar ég útskrifaðist úr lagadeild Háskóla Íslands og ekkert gengið. Ég hef sótt um fjölda starfa, bæði auglýst störf hjá stofnunum og fyrirtækjum sem og störf hjá lögmannsstofum og fyrirtækjum án þess að sérstaklega hafi verið auglýst eftir starfsmönnum. Sem dæmi get ég nefnt að nýlega var óskað eftir lögfræðingum hjá Umboðsmanni Alþingis og alls bárust 95 umsóknir um stöðurnar tvær.

Nýútskrifaður lögfræðingur

auglýst eftir lögmonnum á þessu ári, hefur aldrei fengið jafn margar umsóknir og nú. Nýútskrifaðir lögfræðingar voru stærsti hópur umsækjenda en umsóknir frá lögmonnum með reynslu voru einnig óvenjulega margar. Framkvæmdastjóri stofunnar sagðist skynja órvæntingu hjá nýútskrifuðum lögfræðingum sem sæktu um allar stöður, hvort sem þeir uppfylltu skilyrði sem tiltekin væru í auglýsingu eða ekki. Að sama skapi væru launakröfur mun hófstiltari en áður og nýútskrifaðir lögfræðingar væru hættir að gera kröfur um ofurlaun.


Verkefnastaðan framundan óljós

Síðustu ár hafa margir lögfræðingar og lögmenntarið önnur kafnir við að hreinsa upp eftir efnahagshrunið. Nú sér fyrir endann á því verkefni en forsvarsmenn lögmannsstofa voru hins vegar ekki á einu máli um verkefnastaðuna framundan. Á meðan sumir töluðu um færri verkefni og óvissu í náinni framtíð þá var engan bilbug að finna á öðrum. Skilanefndir bankanna væru enn að störfum og ennþá væri verið að gera upp skuldamál fyrirtækja og einstaklinga. Hugsanleg skadabótamál gegn bönkunum væru einnig eftir svo fátt eitt sé talið. Stóru lögmannsstofurnar sjá ekki fyrir sér að fækka starfsfólki á næstunni en framkvæmdastjóri einnar þeirra sagði í viðtali við *Lögmanna-bláðið* að meira þyrfti að hafa fyrir því að fá verkefni en áður og stórir aðilar leituðu í auknu

SÓTTI UM Á ÖLLUM LÖGMANNSTOFUM

Ég sótti um starf að ég held á öllum lögmannstofum í Reykjavík og nágrenni eftir útskrift vorið 2012 en tækifærin voru af skornum skammti. Á endanum fékk ég starf hjá ríkisstofnun sem auglýsti eftir lögfræðingi. Miðað við fjölda þeirra sem voru í atvinnuleit á þessum tíma var ég heppinn að fá starfið en vanalega voru 50-100 umsækjendur um hvert starf sem auglýst var.

Nýútskrifaður lögfræðingur



Árið 2009 voru að meðaltali 36,7 lögfræðingar á atvinnuleysisrá samborið við 8,8 lögfræðinga árið 2008. Alls voru 47 lögfræðingar á atvinnuleysisrá árið 2010, 58 árið 2011 og 55 árið 2012. Fyrstu tíu mánuði ársins 2013 voru 69,4 lögfræðingar á atvinnuleysisrá. Eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti er fylgni milli fjölda útskrifaðra lögfræðinga og lögfræðinga á atvinnuleysisrá.

mæli tilboða í verk. Sömu leiðis létu einyrkjar, sem blaðið hafði samband við, vel af sér og sögðu verkefnastaðuna svipaða og verið hefði.

Þeir sem töldu að verkefnum færi fækkandi sögðu viðbúið að lögmannsstofur myndu halda að sér höndum við mannráðningar á næstunni og sögðu enn fremur að algengara væri nú en áður að lögfræðingar væru ráðnir tímabundið á stofur. Ýmsir opinberir aðilar væru nú að fækka fólki og voru sérstakur saksóknari og umboðsmaður skuldara nefndir sem dæmi. Segja má því að blikur séu á lofti varðandi verkefnastaðuna framundan, eða eins og einn orðaði það: „*Kakan er ekki að stækka heldur eru fleiri að berjast um sneiðarnar.*“

Hvað segja lögfræðingar?

Mikil aðsókn hefur verið á námskeið til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður síðustu ár en

hdl. réttindin auka starfsmöguleika lögfræðinga til muna. *Lögmanna-bláðið* gerði óformlega könnun meðal þeirra sem sóttu fyrri hluta hdl. námskeiðs í haust. Þeir lögfræðingar sem fengið höfðu vinnu strax eftir útskrift töldu sig vera í hópi þeirra heppnu og þekktu flestir til einhverra atvinnulausra. Einn þeirra sem útskrifaðist árið 2010 var atvinnulaus fyrsta árið og á 50 höfnunarbréf frá þeim tíma. Annar lögfræðingur, sem hefur nú verið atvinnulaus í eitt ár, hefur einnig sótt um störf þar sem ekki er krafist lögfræðimenntunar og m.a. fengið þau svör að fyrirtæki ráði ekki of menntaða einstaklinga sem færu strax og tækifæri byðist. Enn einn lögfræðingur, sem útskrifaðist úr laganámi fyrir 30 árum, hefur verið atvinnulaus frá því í vor. Hann hefur sótt um allar lausar lögfræðistöður, og reyndar ýmsar aðrar, en ekkert fengið og telur horfurnar ekki bjartar. Hann

Útskrifaðir með meistaraþráðu í lögfræði

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Háskóli Íslands	44	54	76	89	62	62	72
Háskólinn í Reykjavík	43	50	46	58	66	57	52
Háskólinn á Bifröst	6	15	15	20	22	10	15
Háskólinn á Akureyri	-	10	6	12	10	9	11
SAMTALS	93	129	143	179	160	138	150

taldi tilhneigingu vera til að ráða frekar unga og reynslulitla lögfræðinga en eldri og reynslumeiri.

Sumir þeirra sem rætt var við töldu of marga háskóla á Íslandi kenna lögfræði og það hefði haft áhrif á gæði kennslunnar, jafnvel svo að lögfræðimenntunin hefði verið gengisfelld. Í grein um laganám í desemberhefti *Lögmannaþáttar* árið 2009 kemur m.a. fram að sex sinnum fleiri lögfræðingar útskrifast í Noregi en á Íslandi í þremur háskólum en þeir eru 14 sinnum fleiri en Íslendingar.

Síðustu fimm ár hafa að meðaltali 154 lögfræðingar útskrifast með meistaraþráðu úr lagadeildunum fjórum á Íslandi á ári og viðmælendur þáttar töldu að ekki væri markaður fyrir þá alla. Þar lægi grunnur að því atvinnuleysi sem nú er.

Ungir lögmenn opna stofur

Síðustu ár hefur orðið algengara að ungir lögmenn, nýkomnir með réttindi en með litla sem enga starfsreynslu, hafi opnað eigin lögmennastofur. Þótt sumir þeirra hafi haft atvinnutilboð frá starfandi lögmennastofum þá hefur það orðið algengara að lögmenn hafi ekki komist að á þeim stofum sem fyrir eru og því ákveðið að fara í rekstur fremur en á atvinnuleysiskrá.

Prófessor við einn háskólanna sagðist í samtali við *Lögmannaþáttar* stundum fá símtöl frá fyrrum nemendum sem leituðu til hans eftir ráðgjöf þar sem þeir hefðu ekkert bakland. Það væri áhyggjuefni því mikilvægt væri fyrir nýútskrifaða lögmenn að hafa „mentor“ í faginu og aðgang að reynslu.

Þrír ungir lögmenn, sem stofnuðu saman lögmennastofu fyrir tveimur árum, nýttu sér tengslanet sitt óspart til að byrja með en þeir höfðu aðgang að reynslumiklum lögmönnum. Reksturinn gekk vel frá fyrsta degi enda höfðu þeir þegar tryggt sér verkefni þegar þeir höfu rekstur.

Lögmaður sem lauk hdl. prófi fyrir á árinu opnaði lögmennastofu í kjölfarið en hann hafði verið atvinnulaus í tæplega eitt ár: „*Að lokinni útskrift gekk ég á milli lögmennastofa með ferilskrána mína og kynnti mig. Það var engin eftirspurn eftir starfskröftum mínum en ég hafði frá upphafi stefnt að því að verða lögmaður. Ég fór því á hdl. námskeiðið og það var ekki auðvelt því mig vantaði reynslu.*“

Lögmaðurinn opnaði lögmennastofu í kjölfarið og segir það lærdómsríkt ferli, það hafi tekið lengri tíma heldur en hann áætlaði í upphafi og ýmislegt hafi komið sér á óvart: „*Þetta er barningur og ákveðin spennan sem fylgir því að bera ábyrgð á öllum pakknum. Þótt maður sé búinn með hdl. prófið þá er margt ólært. Ég hef aðgang að tveimur lögmönnum sem ég hef nýtt mér því það eru fullt af atriðum sem maður lærir aðeins af reynslunni, t.d. hvernig blutirnir ganga fyrir sig hjá dómstólum,*“ sagði hann. Lögmaðurinn sagði jafnframt að það hefði komið sér á óvart hve langan tíma tæki að fá greiðslu fyrir vinnu sína og hann væri kannski að rukka tvo tíma fyrir tíu tíma vinnu þar sem hann væri að læra og fá reynslu sem ekki væri réttlátt að rukka skjólstæðing fyrir. „*Maður þarf helst að hafa aðra vinnu með og góða fyrirvinnu,*“ sagði hann að lokum.

LÖGFRÆÐISTOFUR HALDA AÐ SÉR HÖNDUM

Ég átti ekki í vandræðum með að fá vinnu eftir útskrift, fékk fast-ráðningu þar sem ég starfaði í hlutastarfi meðfram námi. Hins vegar held ég að ástæður fyrir auknu atvinnuleysi meðal lögfræðinga sé í fyrsta lagi stórir útskriftarárgangar og í öðru lagi hef ég á tilfinningunni að lögfræðistofur og aðrir haldi að sér höndum þessi misserin sökum óvissuástands í þjóðfélaginu.

Nýútskrifaður lögfræðingur

Í mörg ár hefur verið rætt um að setja skilyrði um starfsreynslu á lögmennastofu til að fara á hdl.-námskeiðið. Ljóst er að það gæti reynst mörgum erfitt og sú staða komið upp að ungir lögfræðingar fengju ekki vinnu nema vera með hdl. réttindi og kæmust ekki á námskeiðið þar sem þeir væru ekki með starfsreynslu. Þeir sem væru ekki með gott tengslanet innan stéttarinnar yrðu þá verst settir.

Framtíðin

Ef ungt fólk heldur áfram að flykkjast í lagadeildir háskólanna fjögurra, eins og verið hefur undanfarin ár, munu sífellt fleiri lögfræðingar eiga erfitt með að fá störf við hæfi. Ljóst er að íslenskur vinnumarkaður ber ekki 150 nýja lögfræðinga með mastersþráðu á hverju ári og þá er ekki verið að horfa á alla þá sem útskrifast með lægri prófþráðu.

Háskóli Íslands mun á næsta ári taka

EINHÆFT OG GAMALDAGS MENNTAKERFI

Að mínu mati er grunn- og menntaskólakerfið mjög einhæft og gamaldags og það hvetur ungt fólk eingöngu til þess að velja fáar greinar í háskóla. Það er t.d. áberandi á Íslandi hversu fáir velja að mennta sig í tæknigreinum. Grunn- og menntaskólakerfið ytir öllum nemendum í sömu átt þannig að á endanum fara flestir sem klára menntaskóla í sömu greinarnar í háskólum; t.a.m. lögfræði, verkfræði, viðskiptafræði.

Nýútskrifaður lögfræðingur

upp inntökupróf í lagadeildina þar sem stefnt verður að því að 150 nemendur verða teknir inn á fyrsta ári. Að sögn Eyvindar G. Gunnarssonar forseta lagadeildar má gera ráð fyrir að færri útskrifist í kjölfarið en nauðsynlegt er að lagadeildin geri miklar kröfur til þeirra sem hyggjast starfa sem lögfræðingar og gegna trúnaðarstörfum í samfélaginu. „Við erum að útskrifa fólk til að verða lögfræðingar. Ég geri mér grein fyrir því að þeir sem ljúka lagaprófi eru vel í stakk búnir til að gegna ýmsum öðrum störfum. Aftur á móti hef ég miklar efasemdir um skynsemina í því að útskrifa á næstu árum hundruð lögfræðinga til að gegna störfum sem

ólöglærðir er fullfærir um að sinna. Auk þess hef ég ekki orðið var við annað en að nemendur sem stunda nám við lagadeild Háskóla Íslands ætli sér að starfa sem lögfræðingar í framtíðinni. Er það spennandi framtíðarsýn að mennta sig til ákveðinna starfa en að þurfa svo að hasla sér völl á allt öðrum vettvangi? Er þeim tíma vel varið í háskólanámi?“,“ spurði hann.

Guðmundur Sigurðsson forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík segir að aldrei hafi verið meiningin að mennta alla lögfræðinga til að verða lögmenn: „Mín skilaboð eru þau að lögfræðinám er góð menntun sem getur nýst á mörgum sviðum samfélagsins. Menn fá góða þjálfun í laganáminu til að vinna sig í gegnum álítaefni sem nýtist við ýmis önnur störf í samfélaginu. Það þarf að breyta því viðhorfi að lögfræðingar eigi einungis að sinna lögmennsku og lögfræðistörfum í þrengri merkingu þess orðs,“ sagði hann.

Háskólinn á Bifröst tekur nú þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni sem nefnist „Law Without Walls“ en markmið þess er að bregðast við breyttri stöðu lögfræðinga á vinnumarkaði. Að sögn Helgu Kristínar Auðunsdóttur, sviðsstjóra lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst gengur verkefnið út á að samtvinna lögfræði við nýsköpun til efla skapandi hugsun hjá lögfræðingum. „Það er ljóst að í framtíðinni verða lögfræðingar ekki

FLEIRI SKÓLAR, MINNI KRÖFUR, FLEIRI LÖGFRÆÐINGAR, AUKIÐ ATVINNULEYSI

Ég get talið upp fólk í kringum mig sem ekki hefur fengið vinnu eftir útskrift og enn fleiri sem ekki hafa hlotið fastráðningu. Toppnemendur og ástæðan er augljós. Fjórir háskólar sem útskrifa lögfræðinga og ekkert samræmi er á milli þeirra krafna sem gerðar eru í þeim. Ef þú stendur þig ekki nógu vel í einum háskóla, þá færir þú þig yfir í þann næsta og færð gráðuna þar. Ólíkt þeim áhrifum sem Oxford og Harvard hafa hvor á annan, þar sem keppst er um besta námið, hefur samkeppnin hér orðið til þess að kröfur eru minnkaðar. Fleiri skólar minni kröfur gerðar í námi fleiri lögfræðingar aukið atvinnuleysi. Einfalt. Að mínu mati hefur átt sér stað ámælisverð gengisfelling á heilli stétt með 5 ára háskólanám að baki.

Nýútskrifaður lögfræðingur

einungis í hefðbundnum lögfræðistörfum og þeir þurfa að skapa sín eigin tækifæri. Það er blutverk okkar, sem erum í háskólasamfélaginu, að undirbúa nemendur til að takast á við nýjar áskoranir og aðstæður á breyttum vinnumarkaði,“ sagði hún.

Að sögn Ágústs Þórs Árnasonar, formanns lagadeildar Háskólans á

Lagapýðingar í öruggum höndum

Sérhæfðir pýðendur með víðtæka reynslu af öllum sviðum lagatexta. Öll helstu tungumál. Traust og fagleg þjónusta.

Sendu okkur fyrirspurn á skjal@skjal.is og við komum þinni pýðingu í öruggar hendur.

Skjal þjónusta ehf. - Síðumúla 28 - 108 Reykjavík
Sími: 530 7300 - www.skjal.is



SKJAL PÝÐINGASTOFA

Akureyri hefur skólinn byggt lagannámið upp með þeim hætti að það hafi nútímalega skírskotun til vinnumarkaðarins. „*Nemendur frá okkur hafa farið í meistaranám í alþjóðastjórnárum, alþjóðasamskiptum og öðrum greinum og fengið störf í samræmi við það auk þess að taka meistaranám í lögfræði,*“ sagði hann.

Ljóst er að í framtíðinni munu

lögfræðingar þurfa sérhæfa sig enn meira. Einnig er viðbúið að þeir muni leita í störf innan stjórnsýslunnar sem aðrir háskólamenntaðir hafa verið í til þessa. Lögfræðingar munu einnig halda áfram að afla sér lögmansréttinda til að vera samkeppnishæfari en þess má geta að síðastliðin 20 ár hefur tala félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands þrefaldast, voru 380 árið 1993 en eru nú

1033. Síðustu sex ár hefur lögmönnum fjölgað um þriðjung og ef fram heldur sem horfir munu lögmenn verða 2300 eftir 20 ár. Hvað þeir ætla allir að sýsla við í störfum sínum er erfitt að spá fyrir um.

Eyrún Ingadóttir

Hdl. útskrift

ÞANN 6. DESEMBER sl. útskrifaðist 41 lögfræðingur af námskeiði til öflunar réttinda til að verða lögmaður, 22 konur og 19 karlar. Útskriftin fór fram í húsakynnum LMFÍ að venju en að henni lokinni bauð félagið til móttöku.



Anna Lilja Hallgrímsdóttir tekur við prófskírteini úr hendi Þórunnar Guðmundsdóttur.



Að þessu sinni útskrifaðist 41 lögfræðingur.

*Gledileg jól
og farsælt komandi ár*

**Þakka samstarfið
á árinu sem er að líða**

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

GOLFSTREAM REVOLUTION golfkerran ...jólagjöfin í ár?

- Bresk úrvalshönnun
- Lauflétt „lithium“ rafhlaða
- Sterk, lipur og meðfærileg kerra – sannkölluð byltling!



Lítið við eða hringið!

Allar nánari upplýsingar og sýnishorn hjá okkur í Krókhálsi 3

Innflytjandi:

hvítlist

Krókhálsi 3 • 110 Reykjavík
Sími 569 1900 • www.hvitlist.is

Andri Árnason hrl.
Finnur Magnússon hdl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Páll Ásgrímsson hdl., LL.M.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hdl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



„... sem hann veit sannast eftir lögum og sinni samvisku“

LÖGMANNSSTARFIÐ ER VANDASAMT. Meðal þess sem lögmaður þarf að hyggja vel að eru samskipti hans við skjólstæðing sinn. Reynt getur á fjölmörg atriði sem sum hver koma iðulega upp og heyra til hefðbundinna þátta í starfi lögmanns. Önnur eru sem betur fer sjaldgæfari. Eitt þeirra er þegar umbjóðandi óskar eftir að lögmaður geri eitthvað sem stríðir gegn lögum eða láti eitthvað ógert sem honum ella bæri lögum samkvæmt að gera. Sem dæmi um fyrrnefnda tilviknið má nefna að umbjóðandi óski eftir að lögmaður útbúi skjal um ráðstöfun eignar í aðdraganda gjaldþrots sem felur í sér skilavik samkvæmt 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ýmis önnur dæmi mætti nefna um beiðnir frá umbjóðanda lögmanns um verk sem lögmanni er óheimilt að vinna. Í slíkum tilvikum getur myndast þrýstingur frá umbjóðanda sem lögmaður má ekki láta undan. Skiptir þá að sjálfsögðu engu máli þótt um sé að ræða viðamikil verk og há þóknun í boði eða að hörð samkeppni ríki milli lögmannna á því sviði sem umbjóðandinn starfar á og lögmaðurinn missi ella önnur viðskipti við umbjóðandann til annars lögmanns.

Þegar sú staða kemur upp sem lýst er að framan er þess fyrst að geta að lögmennt geta vitaskuld ekki, frekar en

aðrar starfsstéttir, í skjóli starfa sinna fyrir umbjóðendur sína sér að refsilausu gerst brotlegir við þau lög sem gilda í landinu. Í því sambandi er þvert á móti rétt að hafa í huga að lögmennt eru opinberir sýslunarmenn og bera skyldur samkvæmt því, eins og fram kemur í 3. mgr. 1. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 93/2004. Um starfskyldur lögmannna segir í 18. gr. lögmannalaga að þeim beri í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmaðra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

Þá skal minnt á að í siðareglum Lögmannafélags Íslands (codex ethicus), sem félagið setur lögmenntum, sbr. nú 2. mgr. 5. gr. lögmannalaga, er meðal annars að finna reglur um góða lögmannshætti almennt og skyldur lögmanns gagnvart skjólstæðingi sínum. Að því er varðar mál af því tagi sem hér eru gerð að umræðuefni má einkum vekja athygli á ákvæði 1. gr. siðareglanna, sem geymir grundvallarreglu. Þar segir að lögmanni beri að efla rétt og hrinda órétti. Hann skuli svo til allra mála leggja, sem hann veit sannast eftir lögum og sinni samvisku. Í 2. gr. er tekið fram að lögmaður skuli gæta heiðurs lögmannastéttarinnar, jafnt í lögmannsstörfum sínum sem öðrum athöfnum. Þá mælir 3. gr. svo fyrir að lögmaður skuli vera óháður í starfi og

megi ekki láta óviðkomandi hagsmuni, hvort heldur eigin eða annarra, hafa áhrif á vinnu sína í þágu skjólstæðings síns. Loks er beinlínis sagt í 10. gr. að lögmaður skuli ætíð gefa skjólstæðingi hlutlægt álit á málum hans.

Samkvæmt 20. gr. lögmannalaga er lögmanni aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um, nema um sé að ræða skipun eða tilnefningu sem verjandi eða réttargæslumaður í sakamáli. Þá getur lögmaður á öllum stigum sagt sig frá verki, enda gæti hann þess að umbjóðandi hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum, sbr. 6. mgr. 21. gr. laganna. Í 3. mgr. 3. gr. siðareglanna er þessi regla áréttuð, en þar segir að lögmaður ráði því sjálfur hvort hann taki að sér verk eða ekki, nema lög bjóði annað.



NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Bjarni Lárusson hrl.

Acta lögmannsstofa
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 533-3200

Sigurður Snædal

Júliússon hrl.
Íslög ehf.
Túngötu 6
101 Reykjavík
Sími: 414-7401

Bryndís Guðmundsdóttir hrl.

Fulltingi slf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Tómas Hrafn Sveinsson hrl.

Bonafide lögmann
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 533-5577

Eva Hrönn Jónsdóttir hrl.

Opus lögmann
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 415-2299

Ingi Tryggvason hrl.

Lögfræðistofa Inga
Tryggvasonar ehf.
Borgarbraut 61
310 Borgarnes
Sími: 437-1700

Gunnar Ingi Jóhannsson hrl.

Lögmenn Höfðabakka
Höfðabakka 9
110 Reykjavík
Sími: 587-128

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Ásdís Magnúsdóttir hdl.

Árnason Faktor
Guðríðarstíg 2-4
113 Reykjavík
Sími: 540-0200

ENDURÚTGEFIN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI

Leifur Arnkell Skarphéðinsson hdl.

Fjármála- og
efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík
Sími: 543-9330

Benedkt Hallgrímsson hdl.

Embætti borgarlögmanns
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík
Sími: 411-4100

Pórey Aðalsteinsdóttir hdl.

Lögmannsstofa Póreyjar
Aðalsteinsdóttur hdl.
Daltúni 10
200 Kópavogur
Sími: 553-5445

Jörundur Gauksson hdl.

Kaldaðarnesi
801 Selfoss
Sími: 892-0372

Kristín Helga Markúsdóttir hdl.

Háskóli Íslands
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík
Sími: 561-5516

Kári Ólafsson hdl.

Aktis lögmann slf
Ármúla 17
108 Reykjavík
Sími: 414-3050

NÝR VINNUSTADUR

Ingi Freyr Ágústsson hdl.

Lagarök lögmannsstofa
Síðumúla 27
108 Reykjavík
Sími: 588-1177

Hannes J. Hafstein hdl.

Pacta lögmann
Laugavegi 99
101 Reykjavík
Sími: 440-7901

Kristjana Jónsdóttir hdl.

Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík
Sími 569-9600

Haldóra Þorsteinsdóttir hdl.

Málflutningsstofa Reykjavíkur
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími: 571-5400

Gunnar Gunnarsson hdl.

Lotus lögmann ehf.
Ármúla 7
108 Reykjavík
Sími: 569-2000

Björn Jakob Björnsson hdl.

Lotus lögmann ehf.
Ármúla 7
108 Reykjavík
Sími: 569-2000

NÝTT AÐSETUR

Þórður Már Jónsson hdl.

Skeifunni 11
108 Reykjavík
Sími: 693-6666

Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.

Logia ehf.
Laugavegi 3
101 Reykjavík
Sími: 520-1050

Árni Múli Jónasson hdl.

Hús sjávarklasans,
Grandagarði 16
101 Reykjavík
Sími: 691-2290

Hreiðar Eiríksson hdl.

Exitus lögfræðipjónusta ehf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 516-4000

Bjarnveig Eiríksdóttir hdl.

Evrópulög ehf./Ník
Lögmannsstofa ehf.
Laugavegi 77
101 Reykjavík
Sími: 6918701

Snorri Sturluson hdl.

Síðumúla 25
108 Reykjavík
Sími: 662-4600

Til athugunar fyrir skiptastjóra þrotabúa

SÝSLUMAÐURINN Í BOLUNGARVÍK, sem annast álagningu vanrækslugjalds á eigendur þeirra ökutækja sem ekki hafa verið færð til lögmæltrar skoðunar og innheimtu þess, hefur óskað eftir að koma á framfæri við lögmenn sem annast skiptastjórn þrotabúa að þeir hlutist til um að öll ökutæki, sem skráð eru í eigu eða umráðum þrotabúsins í

ökutækjaskrá, verði annað hvort skráð af nafni þrotabúsins á annan aðila eða þau afskráð áður en skiptum lýkur.

Eitthvað er um að ökutæki, sem skráð eru í umferð í ökutækjaskrá, séu skráð á nafn þrotabús eftir skiptalok og sæta búin því áframhaldandi álagningu vanrækslugjalds og eftir atvikum einnig bifreiða- og úrvinnslugjalds.

Leggst síðastnefnda gjaldið á þótt skráningarkerfi séu innlögð. Þetta er til boga fyrir alla og því mikilsvert að skráningu ökutækja þrotabúa sé komið í rétt horf áður en skiptum lýkur.

Sýslumaðurinn í Bolungarvík



Í úrskurðarnefnd lögmanna sitja Kristinn Bjarnason hrl., Einar Gautur Steingrímsson hrl. og Valborg Snævarr hrl. en hún er jafnframt formaður. Ritari nefndarinnar er Haukur Guðmundsson hdl. F.v. Haukur, Kristinn, Valborg og Einar Gautur.

Mikilvægt að rækta samskiptin við umbjóðendur

ÚRSKURÐARNEFND LÖGMANNA HEFUR STARFAÐ SÍÐAN ÁRIÐ 1998 OG ER HLUTVERK HENNAR AÐ FJALLA UM ÁGREINING MILLI LÖGMANNS OG UMBJÓÐANDA HANS UM ÞÓKNUN LÖGMANNS OG/EÐA UM KVÖRTUN Á HENDUR LÖGMANNI FRÁ AÐILA VEGNA HÁTTSEMI SEM KANN AÐ STRÍÐA GEGN LÖGUM EÐA SIÐAREGLUM LMFÍ. Í ÚRSKURÐARNEFND ERU ÞRÍR AÐALMENN, SKIPADIR AF INNANRÍKISRÁÐHERRA, HÆSTARÉTTI OG LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS.

Að sögn Valborgar Þ. Snævarr, formanns úrskurðarnefndar, má skipta málunum sem koma fyrir nefndina í tvennt: „Annars vegar eru mál þar sem ágreiningur snýst um þóknun lögmans og hins vegar eru mál þar sem einhver, oftast umbjóðandi lögmans, telur hann hafa brotið siðareglur lögmanna eða lög. Það er reyndar ekki óalgengt að þetta tvennt blandist saman þannig að umbjóðandinn telur áskilda þóknun of háa, til dæmis með hliðsjón af því að lögmaðurinn hafi vanrækt mál hans og klúðrað því með óforsvaranlegum hætti,“ sagði Valborg.

Hve bált blutfall úrskurða nefndarinnar hafa fallið lögmanni í vil síðustu þrjú ár?
Ef við horfum á þær ákvarðanir sem lúta að kvörtunum yfir brotum lögmanna þá hefur nefndin gert aðfinnslur eða beitt áminningum í sex málum af tuttugu og átta. Í ágreiningsmálum um þóknun hefur verið fallist á að lækka áskilda þóknun lögmanna í réttum helmingi allra ákvarðana.

Hvaða mistök gera lögmenn?
Það er áberandi að í mörgum málum sem varða þóknun geta lögmenn ekki lagt fram neinn samning við umbjóðanda sinn um hvernig skuli

greiða fyrir þau verkefni sem unnin eru. Það setur þá í erfiða stöðu þegar umbjóðandi fær reikning og ágreiningur rís um gjaldtökuna. Svo er töluvert um mál þar sem lögmaður hefur unnið verk sín vel en vanrækir að upplýsa umbjóðandann um stöðu mála og af því verður núningur.

Berast ítrekaðar kvartanir vegna sömu lögmannanna til úrskurðarnefndar?

Það er vissulega fjarri því að það sé jöfn dreifing á þessum málum á milli lögmannna. Það er hins vegar varasamt að draga ályktanir af málatölunum hráum. Margir lögmennt vinna fyrir fáa stóra viðskiptamenn og eiga einkum í samskiptum við ýmis konar atvinnumenn í viðskiptum. Aðrir vinna fyrir mikinn fjölda einstaklinga og sérhæfa sig jafnvel á réttarsviðum þar sem fólk er mjög auðsæranlegt. Ég tel hins vegar mikilvægt að því sé gefinn gaumur ef við sjáum mikið af málum þar sem gerðar eru raunverulegar athugasemdir við störf sama lögmanns. Einnig hlýtur það að vekja menn til umhugsunar ef áskilin þóknun þeirra er ítrekað lækkuð af nefndinni.

Nú er hægt að leggja ágreiningsefni nefndarinnar fyrir dómstóla, hefur það gerst?


„Á síðustu árum hefur það aðeins verið gert í einu máli. Þá var niðurstaða meirihluta nefndarinnar staðfest.“

Hefur úrskurðarnefnd þurft að leggja til við innanríkisráðherra að fella niður leyfi lögmanns síðustu ár?

Nei. Það hefur ekki komið til þess á síðustu árum.

Nú eru úrskurðir nefndarinnar birtir á heimasíðu LMFÍ, hvers vegna eru ekki birt nöfn þeirra lögmannna sem fá á sig ákúrir frá nefndinni?

Ég býst við því að það sé þar sem ágreiningurinn er í eðli sínum milli tveggja aðila. Ágreiningur stendur



Valborg segir fjölda mála hafa verið sveiflukenndan undanfarin ár: „Málum hefur þó heldur fækkað miðað við það sem var fyrir tíu árum síðan. Til dæmis bárust 41 mál til nefndarinnar árið 2003 en einungis 13 árið 2011. Á öllu árinu 2012 bárust 16 mál til nefndarinnar. Þess má geta að á tíu ára tímabili, frá 2003-2012, hafa að jafnaði verið 24 mála á ári en það sem af er árinu 2013, þ.e. í byrjun desember, hafa borist 32 mál.“

um þeirra viðskipti í einhverri mynd og vandséður tilgangur þess að birta niðurstöðu undir nöfnum. Það kemur hins vegar fram í 43. gr. siðareglanna að úrskurðarnefndinni sé heimilt að tilgreina nafn lögmannsins við birtingu úrskurðar eða álitgerðar ef lögmaður hafi ítrekað brotið gegn starfsskyldum sínum, ef um gróft brot er að ræða á góðum lögmannsháttum eða ef aðrir veigamiklir hagsmunir almennings eða lögmannastéttarinnar réttlæta slíkt. Þá er það úrskurðarnefndarinnar að meta hvort tilvikið uppfylli þau skilyrði að réttlæti nafngreiningu.

Ertu með ráðleggingar til lögmannna hvað þeir eigi að gera til að komast hjá því að lenda með mál fyrir úrskurðarnefnd?

Miðað við þau mál sem við fáum til nefndarinnar er líklega besta ráðið sem unnt er að gefa lögmonnum, að

rækta samskiptin við umbjóðendurna. Það gerist til dæmis með því að svara tölvupóstum og skilaboðum og halda umbjóðendum upplýstum um gang mála. Einnig að gæta þess að gera samning við umbjóðendur um hvernig staðið skuli að greiðslum svo reikningur og tímagjald komi þeim ekki á óvart.

EI



Gledileg jól, farsælt komandi ár

REYKJAVÍK

Aktis ehf, lögmannsstofa
Ármúla 17
108 Reykjavík

**Atlantik
Legal Services ehf.**
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

ÁH lögmenn slf.
Vættaborgum 144
112 Reykjavík

**E. Sigurjónsson
lögmannsstofa ehf.**
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Eggert B. Ólafsson
Samkeppnisráðgjöf
Háaleitisbraut 68
108 Reykjavík

**Exitus
lögfræðiþjónusta ehf.**
Hreiðar Eiríksson
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Grétar Haraldsson hrl.
Suðrhólum 22
111 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík
Menntavegi 1
101 Reykjavík

**Ingvar
Sveinbjörnsson hrl.**
Granaskjólí 90
107 Reykjavík

Íslög, lögmannsstofa
Túngötu 6
101 Reykjavík

**Jón Egilsson hrl.
og Auður Björg
Jónsdóttir hdl.**
Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

Jón Sigfús Sigurjónsson
Skólavörðustíg 12, 3. hæð
101 Reykjavík

JP Lögmenn
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

**Juralis ehf., lögfræði-
og ráðgjafastofa**
Sveinn Guðmundsson hrl.
Síðumúla 27
108 Reykjavík

LAG-Lögmenn sf.
Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík

LOG lögmannsstofa sf.
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Lögafli-lögmannsstofa
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík

**Lögfræðiþjónusta
Sigurðar
Sigurjónssonar hrl.**
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík

**Lögmannsstofa
Guðmundar
Jónssonar ehf.**
Síðumúla 25
108 Reykjavík

Lögmenn Árbæ slf.
Nethyl 2
110 Reykjavík

**Lögmenn Jónas &
Jónas Þór sf.**
Stórhöfða 25
110 Reykjavík

**Lögmenn
Laugavegi 3 ehf.**
Laugavegi 3
101 Reykjavík

**Lögmenn
Lækjargötu ehf.**
Lækjargötu 2
101 Reykjavík

Lögvis, lögmannsstofa
Garðastræti 36
101 Reykjavík

ÓK Lögmenn slf.
Gufunesvegi
112 Reykjavík

RG Lögmenn ehf.
Hafnarstræti 20
101 Reykjavík

**Sigurður I.
Halldórsson hdl.**
Suðurlandsbraut 8
108 Reykjavík

Sigurjónsson & Thor ehf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Veritas lögmenn
Borgartúni 25
105 Reykjavík

Seltjarnarnes
Gunnar Guðmundsson
Eiðistorgi 17
170 Seltjarnarnes

KÓPAVOGUR

**Lögmannsstofa
Guðmundar Þórðarsonar
og Fasteignasala
Kópavogs**
Hamraborg 14a
200 Kópavogur

Íslenska lögfræðistofan
Smáratorgi 3
201 Kópavogur

**Lögfræðistofa Jóhanns
Baldurssonar hdl.**
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Lögmannsstofa SS ehf.
Hamraborg 10
200 Kópavogur

HAFNARFJÖRÐUR

**Ágúst Sindri
Karlsson hrl.**
Fákafeni 11, 2. hæð
108 Reykjavík

Lögmenn Bæjarhrauni 8
Bæjarhrauni 8
220 Hafnarfjörður

Lögmenn Thorsplani sf.
Fjarðargötu 11
220 Hafnarfjörður

STYKKISHÓLMUR

**Málflutningsstofa
Snæfellsness**
Aðalgötu 24
340 Stykkishólmur

AKUREYRI

**Almenna
lögþjónustan ehf.**
Skipagötu 7
600 Akureyri

**Lögmannsstofa
Akureyrar ehf**
Hofsbot
600 Akureyri



Lögmaður kemur jafnan fram fyrir hönd umbjóðanda sinna en ekki í eigin nafni

LÖGMANNI BER AÐ EFLA RÉTT OG HRINDA ÓRÉTTI.

SKAL LÖGMAÐUR SVO TIL ALLRA MÁLA LEGGJA, SEM HANN VEIT SANNAST EFTIR LÖGUM OG SINNI SAMVISKU (1. GR. CODEX ETHICUS).

Í MÁLI ÚRSKURÐARNEFNDAR lögmanna nr. 10/2012 kom til skoðunar hvort lögmaður hafi með framgöngu sinni gengið gegn því sem hann sannast vissi og með því brotið gegn framangreindu ákvæði siðareglna lögmanna.

Málsatvik voru á þá lund að kærandi átti fasteign í Danmörku og leitaði hinn kærði lögmaður til hans fyrir hönd umbjóðanda síns í tengslum við möguleg kaup á henni. Var í því skyni lagt fram tilboð í eignina og úrskurðarnefnd telur að málatilbúnaður aðila verði skilinn á þann hátt að það kauptilboð hafi verið samþykkt af hálfu kæranda. Ekkert varð hins vegar af því að kaupsamningur milli aðila væri undirritaður og taldi kærandi að með því væri tilboðið fallið niður. Hinn kærði lögmaður sendi í framhaldinu bréf á kæranda og óskaði eftir því að kaupsamningsfundur yrði haldinn og að umbjóðandi hans hygðist halda kaupunum upp á kæranda gegn greiðslu kaupverðs. Var þessu fylgt eftir af hálfu hins kærða lögmanns með því að hann boðaði til kaupsamningsfundar. Kaupsamningsfundurinn var síðan haldinn og kaupsamningur gerður milli aðila á grundvelli kauptilboðsins. Samkvæmt kaupsamningi var gert ráð fyrir að tiltekin fasteign í Reykjavík stæði til fullnustu greiðslum en síðar kom í ljós að umrædd fasteign var í nauðungarsölu meðferð og hafði kaupandinn því engar heimildir til að veðsetja hana. Fullyrðing í kaupsamningi aðila að sú fasteign yrði seld félagi í eigu nafngreindra aðila á 330 milljónir reyndist haldlaus.

Á sama tíma og þessi viðskipti áttu sér stað fékk kærandi tilboð frá öðrum aðila í fasteignina. Ekkert varð af sölu eignarinnar til þess aðila enda hélt upphaflegur kauptilboðshafi tilboði

sínu upp á kæranda á sama tíma eins og áður er lýst.

Kaupsamningur milli aðila var hins vegar aldrei efndur af hálfu kaupanda og hinn kærði lögmaður svaraði engum erindum kæranda í kjölfar þess að greiðslufall varð. Var samningnum síðar rift og áskilnaður gerður af hálfu kæranda um skaðabætur.

Kærandi krafðist þess fyrir úrskurðarnefndinni að hún úrskurðaði um hvort kærði hefði brotið gegn góðum lögmannsháttum eins og þeir komi fram í siðareglum lögmanna og lögum um lögmennt. Einnig krafðist kærandi þess að nefndin úrskurðaði um það hvort kærði kynni að hafa skapað sér bótaábyrgð vegna framgöngu sinnar í málinu og skjalagerðar. Byggði kærandi á því að hinn kærði lögmaður hefði með villandi hætti, og að því er virðist með ráðnum hug, blekkst kæranda til samninga undir þvingun og með því eyðilagt söluferli gagnvart þriðja aðila sem hafi verið á lokastigi. Í því sambandi var einkum tvennt sem kærandi nefndi því til stuðnings. Annars vegar að hinn kærði lögmaður hefði fullyrt að kaupsamningsgreiðsla umbjóðanda hans væri til reiðu og hins vegar að í kaupsamningsdrögum sem kærandi byggði á að lögmaðurinn hefði samið, hefðu komið fram ákveðnar fullyrðingar um þá tryggingu sem boðin var fram með afsali á fasteign í Reykjavík. Síðar kom í ljós að enginn fótur hafi verið fyrir þessum fullyrðingum.

Í athugasemdum sínum til nefndarinnar hafnaði hinn kærði lögmaður að hann hefði blekkst kæranda til samninga við umbjóðanda sinn. Krafðist kærði þess að kærandi, sem væri sjálfur lögmaður, yrði víttur fyrir tilhæfuleisur sakir og fyrir að reyna blekkja úrskurðarnefndina. Þá hafnaði

hann því að hann hefði komið nálægt gerð kaupsamnings aðila eða þeim tryggingum sem settar voru fram fyrir efndum hans.

Úrskurðarnefndin vísaði frá þeirri kröfu kæranda að mælt yrði fyrir um mögulega bótaábyrgð kærða enda stæðu engar heimildir til þess. Um mat á því hvort ákvæði 1. gr. siðareglna lögmanna hefði verið brotið í umrætt sinn, kom fram að hafa þyrfti í huga að lögmennt komi jafnan fram fyrir hönd umbjóðanda sinna en ekki í eigin nafni. Upplýsingagjöf um fjárhagsleg málefni umbjóðanda verði að líta á sem eigin upplýsingagjöf umbjóðandans í gegnum viðkomandi lögmann en ekki upplýsingar sem lögmaðurinn veitir að undangenginni sjálfstæðri athugun á málefninu. Hið sama gildi þegar lögmaður bjóði fram tilteknar tryggingar fyrir hönd umbjóðanda síns. Ekki séu gerðar kröfur um að lögmaðurinn hafi með því lagt sjálfstætt mat á gildi þeirra. Án frekari staðfestingar af hálfu hins kærða lögmanns, gat kærandi þannig ekki treyst á að um væri að ræða upplýsingar sem kærði hefði sjálfur staðreynt. Á kæranda hvíldi sönnunarbyrðin um það að hinn kærði lögmaður hefði með framgöngu sinni gengið gegn því sem hann vissi sannast. Í málinu lægi ekkert fyrir um það að hinn kærði lögmaður hefði þekkt svo gjörlla til fjárhags umbjóðanda síns að honum hafi verið það ljóst að umbjóðandinn gæti ekki greitt umrædda kaupsamningsgreiðslu eða staðið við að leggja fram umræddar tryggingar. Var það því mat nefndarinnar að lögmaðurinn hefði ekki gert á hlut kæranda með háttsemi sem stríðir gegn lögum eða siðareglum lögmanna.

Ingvi Snær Einarsson bdl.

KPMG-dómurinn: Miklar kröfur til milligöngu um fyrirtækjasölu



ÞANN 7. NÓVEMBER s.l. kvað Hæstiréttur Íslands upp áhugaverðan dóm (mál nr. 302/2013) þar sem reyndi á ábyrgð þeirra sem koma að sölu fyrirtækja í skilningi laga nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Málið beindist gegn KPMG ehf., KPMG Lausnum ehf. og KPMG FS ehf. sem höfðu komið að tilteknum viðskiptum með einkahlutafélög árið 2007 en auk þess var tveimur starfsmönnum KPMG, þeim B og ES, stefnt í málinu og Sjóva-Almennum og Tryggingarmiðstöðvarinnar til réttargæslu.

Kaup á einkahlutafélögum

Atvik málsins voru þau að E, stefnandi málsins, átti tvö einkahlutafélög, Vinnulyftur ehf. og Smíðsbúð 12 ehf. Félagið Smíðandi ehf. hafði hug á að kaupa þessi félög og reka áfram og höfðu leitað til KPMG af þeim sökum. Í apríl 2007 undirrituðu stefndi B, f.h. KPMG ehf. og Smíðandi ehf. skjal sem bar heitið „Verkefnistillaga um þjónustu vegna kaupa á Vinnulyftum ehf., og Smíðsbúð 12 ehf.“.

Stofnað var félag í kringum þessi viðskipti og sá „CF-fyrirtækjasala ehf.“ (félagið heitir í dag KPMG FS ehf.) um að stofna félagið FS21 ehf. Það félag gerði svo tilboð í allt hlutafélaganna tveggja en hlutafé í FS21 ehf. var svo keypt af þeim þremur einstaklingum sem voru á bak við Smíðanda ehf. Í kjölfarið var svo gengið frá kaupsamningi FS21 ehf. á félögum tveimur.

Leitað var fjármögnunar vegna kaupanna og fékkst hún hjá Glitni gegn veði í öllum tækjum og fasteignum félaganna tveggja.

Samþykkt kautilboð hljóðaði upp

á kr. 455.000.000,- og skyldi greiða á þrennan hátt; í fyrsta lagi með greiðslu við undirritun sammingsins, í öðru lagi með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð kr. 90.000.000,- og í þriðja lagi með greiðslu kr. 105.000.000,- í reiðufé 31. mars 2008.

Skuldabréfið var gefið út í júlí 2007 af FS21 ehf. til stefnanda og bar að greiða með einni afborgun hinn 1. ágúst 2010 en lánið bar 10,5% fasta vexti frá 11. júlí 2007 og skyldu þeir greiðast eftir á einu sinni á ári, hinn 1. ágúst ár hvert.

FS21 ehf. og Vinnulyftur ehf. voru sameinuð undir nafni síðarnefnda félagsins og var samruninn auglýstur í Lögbirtingarblaðinu 5. desember 2007.

Kaupverð ekki greitt að fullu

Svo fór að ekki var staðið við nema hluta af kaupverðinu samkvæmt samningi, m.a. var greiðslan í mars 2008 lækkuð úr 105 milljónum í rúmar 40 milljónir vegna tiltekinna fyrirvara í kaupsamningi um veltutölur Vinnulyftna ehf. og fleiri þátta en þessi lækkun byggði á einhliða mati kaupenda. Um lækkunina varð strax ágreiningur milli aðila. Ekki voru greiddar vaxtagreiðslur af skuldabréfinu 2008 og 2009 og fékk E áritaða stefnu á hendur Vinnulyftum ehf. vegna þess. Síðar fór svo að Vinnulyftur ehf. var úrskurðað gjaldþrota árið 2010.

Stefnandi lýsti kröfum í protabúið sem voru samþykktar af hálfu skiptastjóra. Fram kom við aðalmeðferð málsins í héraði að skiptastjóri teldi líklegt að eitthvað fengist upp í almennar kröfur, sem námu alls rúmum 1,1 milljarði króna.

Áhersla á skyldur milligönguáðila

Í dómi Hæstaréttar, sem sneri sýknudómi héraðsdóms, voru dæmdar skaðabætur óskipt á hendur KPMG ehf. og KPMG FS ehf. og tveimur starfsmönnum. Í dóminum er farið ofan í skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 99/2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa og vísað til þess að í lögskýringargögnum komi fram að í slíkri milligöngu felist meðal annars í undirbúningi viðskipta með fasteign, skip eða fyrirtæki, svo sem kynningu á eigninni, ráðgjöf, sammingsgerð og skjalagerð. Taldi Hæstiréttur að þegar horft væri til orðalags í verkefnistillögu og annarrar aðkomu KPMG að viðskiptunum mætti jafna henni til þess að um milligöngu í skilningi 1. mgr. 1. gr. laganna væri að ræða. Þá kemur fram í dómnum að samkvæmt 15. gr. laganna hvíli skylda á þeim, sem hefur slíka milligöngu, til að liðsinna bæði seljanda og kaupanda og að ekki stóði að benda á að kaupandi hafi leitað til KPMG en seljandi ekki, eða að seljandi hafi notið ráðgjafar annars staðar frá.

Misvægi í tryggingum aðila

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn þessum skyldum við viðskiptin. Þar er sérstaklega lögð áhersla á að seljandinn hafi ekki fengið neinar tryggingar fyrir því að fá kaupverðið greitt en kaupandi hins vegar fengið tryggingar í formi fasteignaveðs vegna hugsanlegrar kröfu vegna breytinga sem kynnu að verða gerðar á álagningu opinberra gjalda. Um þetta segir í dómi réttarins:

„Eins og hér var ástatt hafði ekki aðeins verið raskað mjög jafnvægi milli skyldna seljanda og kaupanda, heldur var jafnframt brýn ástæða til að gera áfryjanda skýra grein fyrir þeirri stórfelldu áhættu, sem hann bar af viðskiptunum, og ráða honum eindregið frá því að ganga til þeirra án þess að viðhlítandi trygging yrði sett fyrir greiðslu kaupverðsins, þar á meðal skuldabréfsins.“

Niðurstaðan er sú að vanræksla hafi átt sér stað og að tjón stefnanda sé í nægjanlegum tengslum við það. Var skaðabótaábyrgð vegna þessa tjóns áfryjanda felld óskipt á stefndu B, KPMG ehf. og KPMG FS ehf.

Samrunatilkynning þótti ófullnægjandi

Þá var ábyrgð einnig felld á ES, endurskoðanda á vegum KPMG, sem sá um samrunatilkynningu Vinnulyfta ehf. og FS21 ehf. en þar kom fram að ekki yrði séð að sameining félaganna kæmi til með að „rýra verulega möguleika lánardrottna á fullnustu krafna í hverju félagi um sig.“ Í dómnum er talið að þar sem KPMG hafi haft vitneskju um að Glitnir hefði tekið veð í öllum eignum félaganna hafi það með engu móti staðist að sameiningin skerti ekki möguleika lánardrottna félaganna, einkum Vinnulyfta ehf. en þó einnig FS21 ehf., á að fá fullnustu krafna sinna og „var sú skerðing að auki stórfelld“. Fram kemur að ef rétt yfirlýsing hefði verið gefinn hefði E getað notið réttar eins og aðrir lánardrottinnar félaganna til að krefjast innan mánaðar frá ákvörðun

um samruna greiðslu gjaldfallinna krafna á hendur félögunum og tryggingar fyrir ógjaldföllum kröfum.

Dómurinn taldi því að hér væri um vangæslu ES að ræða og að hún hafi leitt til þess að áfrýjandi hefði farið á mis við að fá tryggingar fyrir þeim verulegu fjárhæðum, sem hann átti ógreiddar frá FS21 ehf. af kaupverði hlutanna í Vinnulyftum ehf. og Smiðsbúð 12 ehf. og áður hefur verið getið.

Var skaðabótaábyrgð af þessum sökum felld á ES og KPMG ehf. og voru því KPMG ehf., KPMG FS ehf., B og ES dæmdir sameiginlega til greiðslu.

Bar hluta tjóns sjálfur

Tjón E var talið nema í heild sinni kr. 183.732.232,-. Hins vegar kemur fram í dóminum að E hafi látið undir höfuð leggjast að leita sér ráðgjafar vegna málsins og einnig er tekið fram að

hann hafi frá árinu 1995 staðið fyrir atvinnurekstri og hafi aflað sér reynslu af viðskiptum. Hæstréttur taldi að sú reynsla ætti að leiða til þess að gera mætti ríkar kröfur til meiri aðgæslu en hann sýndi í þeim viðskiptum, sem málið varðar. Var niðurstaðan að E bæri hluta af tjóni sínu sjálfur, eða þriðjung.

Miklar kröfur til milligöngu

Í dómnum felst að lagðar eru ríkar skyldur á þá sem taka að sér milligöngu við sölu fyrirtækja um ítarlega ráðgjöf og leiðbeiningar til beggja aðila, jafnvel þótt viðkomandi aðilar hafi meira en áratuga reynslu af rekstri fyrirtækja. Þá horfir Hæstiréttur til þess að KPMG hafi í reynd tekið að sér milligöngu um fyrirtækjaviðskiptin þótt formlegt orðalag í samkomulagi hafi ekki endilega borið slíkt með sér og að E hafi borið um það við meðferð málsins

að hann hafi talið KPMG vera að gæta hagsmuna kaupenda, en ekki sinna hagsmuna. Þessi sjónarmið virðast hafa ráðið mestu um sýknu í héraði sem og að ekki hafi í sjálfu sér verið neitt athugasvert við vinnubrögð KPMG í málinu. Ennfremur er áhugasvert að svo virðist sem kaupsamningur milli aðila sé skýr um að hluti söluverðs verði greiddur síðar og án þess að beinar tryggingar séu veittar. Þetta kemur þó að einhverju leyti inn í það mat dómsins að fella hluta af tjóninu á stefnanda.

Ætla má að þeir sem sinni ráðgjöf á sviði fasteigna- og fyrirtækjaviðskipta þurfi að gaumgæfa forsendur Hæstaréttar í þessum dómi og taka mið af þeim varðandi aðkomu sína að verkefnum sem þessum þegar fram líða stundir.

ÁH

Jólaaðventuhádegisverðarhlaðborðssamverustund

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS, Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands stóðu fyrir jólahádegisverði á aðventunni eins og síðustu ár. Rúmlega 100 lögfræðingar snæddu saman ljúffenga forrétti, vænar flísar af feitum sauðum, piparkökur eftir uppskrift bakarans í Hálsaskógi, jólagrís að hætti móður Emils í Kattholti og svo danskættaða eftirrétti við undirleik jólalaga í útvarpi allra landsmanna.



Af Merði lögmanni

Það er þungt yfir Merði eftir atburði síðustu daga og vikna. Þannig er að allt frá því að landslýður gekk til kosninga í vor og kaus sér nýja ríkisstjórn hefur Mördur, eins og fleiri, haft uppi ákveðnar (ó)réttmætar væntingar um það sem í vændum er.

Mördur hafði lagst yfir þetta mál dögum og jafnvel vikum saman til að reikna út hvað hann fengi í leiðréttingu. Dustaði meira að segja rykið af vasareikninum sem hann fékk í gjöf frá Hafskip jólin '83. Þessir útreikningar höfðu leitt í ljós að Hróa Hattar réttlæti nútímans, þar sem er tekið frá kröfuhöfum og fært til skuldara, myndi gefa Merði vel í aðra hönd.

Ekki svo að skilja að Mördur væri neinn óreiðumaður. Því fer fjarri. En eins og allir góðir lögmenn þurfti hann að eiga þak yfir höfuðið sem bæri stöðu hans og status gott vitni. Mördur hafði unnið eftir þeirri reglu varðandi húsnæðis kaup að margfalda þann árafjölda sem hann hafði unnið sem lögmaður með 10 og finna þannig út eðlilegt flatarmál á þeirri fasteign sem hann þyrfti að eiga. Árið 2007 hafði hann því komist að þeirri niðurstöðu að 380 fermetra hús væri lágmarksaðstaða fyrir mann í hans stöðu og ekki var neinn hörgull á viljugum bankamönnum að lána í þau kaup fram og til baka.

Eftir hið svokallaða hrun hafði þrengt nokkuð um hjá Merði og ólíkt kollegum hans náði hann ekki að troða sér í slitastjórnir eða skilanefndir. Þá hafði hann ekki haft erindi sem erfiði við að gerast lögmaður kröfuhafa eða annarra erlendra aðila enda farinn að ryðga töluvert í enskunni. Hann talaði framúrskarandi dönsku en bølvaður dankurinn virtist ekki hafa haft neina trú á íslensku bönkunum og þar af leiðandi voru engir danskir kröfuhafar til að vinna fyrir. Mördur sat því uppi með sömu gömlu góðkunningjana, bótamál, síbrotamenn og ýmsa lukkuriddara sem ætluðu sér í mál við hinn og þennan vegna óréttlætis heimsins.

Það hafði því glatt Mörd verulega þegar hinn hugumprúði forsætisráðherra þjóðarinnar hafði lýst því yfir að hann hygðist setja heimsmet í að koma til móts við menn eins og hann. Mördur hafði meira að segja sent nokkrum þingmönnum sms-skilaboð á árinu til þess að mæra þá í hástert og hafði á köflum leiðst út í að setja með ýmsar kynferðislegar lýsingar á því hve ánægður hann var með framtakið. Þar sem útreikningar Marðar höfðu leitt í ljós að hann átti í vændum myndarlega ávísun frá ríkissjóði hafði hann ákveðið að panta sér far til Kanarí-eyja yfir jólin og lagt inn pöntun hjá Bílabúð Benna fyrir nýjum bíl.

Þegar stóri dagurinn rann upp, þar sem ríkisstjórnin tilkynnti niðurstöðurnar, hafði Mördur klætt sig upp á í grasgræna lopapeysu. Honum leið eins og manni sem væri að fylgjast með lottó-útdrættinum, vitandi að hann væri með vinningsmiðann. Eina sem var óljóst var hve hár vinningurinn yrði.

Fljótlega runnu þó tvær grímur á Mörd þegar ýmsir reiknimeistarar ríkisstjórnarinnar trommuðu upp og tilkynntu að leiðréttingin yrði að hámarki 4 milljónir og fyrri leiðréttingar drægjust frá. Hámark og frádráttur?! Það hafði aldrei verið nefnt í hans eyru fyrr. Hverskonar drottins svik voru þetta? Heimsmetið sem Mördur átti von á reyndist á endanum varla vera héraðsmótsmet – í hans heimasveit hefði svona lítilræði ekki verið neitt til að tala um. Kaupfélagið felldi annað eins niður hjá góðum framsóknarmönnum mánaðarlega!

Það sauð á Merði. Hann slökkti á útsendingunni og sendi nokkur vel valin sms á sitt fólk á þingi, sem birtust öll jafnóðum á netinu. Hann hringdi svo í ferðaskrifstofuna, afbókaði Kanarí-ferðina og sagði Benna að nýi bíllinn yrði að bíða. Hann yrði víst að fara aftur í vinnuna til að eiga fyrir næstu afborgun.

Erfið vörn í legorðsmáli

Júridíkóerótísk smásaga
eftir Lúðvík Emil Kaaber hdl.

LÍTINN HLAUT ÉG YNDIS ARÐ
AF AKRI MENNTA OG LISTA.

(STEINN STEINAR (1908-1958))

Ég var embættismaður við hirð Japans-keisara fyrr á tímum. Þrátt fyrir að ég væri ekki hátt settur var íveruherbergi mitt skammt frá íbúðarsvæði keisarahjónanna, eins og venja var til um embættismenn er komu utan af landi til tímabundinnar dvalar. Herbergið var stórt og afhólfad í nokkur rými, og mátti teljast hin sæmilegasta íbúð eins og hæfði stöðu minni.

Ég hafði ávallt gætt allra hirðsiða í umgengni við keisaraynju, en ýtrasta formfylgni gat samt ekki leynt því, að okkur var vel til vana. Mér þótti mikið koma til þekkingar hennar, smekkvísi, kímni og greindar, svo ekki sé minnst á fegurð hennar. Alltaf virtist hún einnig gleðjast er leiðum okkar bar saman. Margar góðar athugasemdir höfðu flogið milli okkar innan þess ramma sem síðir settu, og höfðu aðrir einnig ánægju af viðræðum okkar og sköndnum tilvitnunum í skáld og hugsuði.

Kvöld eitt, er fundahöldum var lokið, hafði keisari haldið til keisaraálmu

hallarinnar. Keisaraynja, nokkrir embættismenn og frúr, og ég, sátum eftir við spjall um sameiginleg hugðarefni. Sum okkar fengu sér sake.

Er hópurinn leystist upp gengum við tvö rólega saman til hóbýla okkar, niðursokkin í samræður um líf manna, þrjár þeirra og tilfinningar óháðar tímum og stöðum. Í nýafstöðnu spjalli hafði einhver nefnt að forn-Grikkir segðu Seif yfirgoð hafa klofið hinn einkynja mann í tvennt, og eftir það séu helmingarnir sífellt að leita hvor til annars. Þessi godsögn úr fjarlægum menningarheimi höfðaði til okkar með undarlegum mætti. Hún hefði alveg eins getað verið japönsk og um okkur. Izanagi himinjöfur hefði skilið okkur að en nú hefðum við fundist. Við liðum áfram í afluktum hjúpi sterks aðdráttar, vináttu og löngunar, aðskilin frá hinum ytri heimi.

Er við komum á leiðarenda stansaði hún og virtist taka ákvörðun. Hún sagði okkur vera brynjuð venjum, hefðum og síðum er fylgdu félagslegum hlutverkum.



Við yrðum að sýna að við værum manneskjur, ómengaðar hið innra af leiktjöldum hins ytra. Hún horfði á mig yndislega, með þrá í augum, og felldi kimono sinn til merkis um traust til mín og sannan kvenleika án tillits til stöðu og tignar.

Með arma um hvort annað gengum við saman inn í íbúð mína. Við létum öll klæði falla. Ég lagðist á hvílu mína og hún á ofan. Brjóst hnigu að bringu og andlit að andliti. Með áhyggjulaust bros á fögru andliti sínu færði hún sig með þokkafullri hreyfingu [...]*

Á sama andartaki var knúid dýra, nokkuð ákveðið. Var keisari þar kominn í fylgd öryggisvarða. Innilegri sameiningu okkar var hastarlega og óvægilega sundrað.

„Þú verður að koma þér í föt!“ kvað keisaraynja ódamála um leið og við stukkum fram úr. Hún greip flíkur sínar og skaust með þær í átt að algerlega vonlausum griðastað, um leið og ég fór að tína á mig spjarir. En enginn tími

*Fjarlægt af siðgæðisnefnd LMFÍ.

var til stefnu. Keisari opnaði hurðina og gekk inn.

Hann sýndi engan asa. Hann virtist fylgja þeim hætti skynsamra manna að íhuga ráð sitt áður en viðbrögð eru sýnd eða fyriræli veitt. Í látbragði hans var ekki að finna neina ásökun í minn garð. Hann beið meðan kona hans klæddi sig.

Ég reyni ekki að lýsa líðan minni.

Ég var handtekinn þar í herberginu og settur í gæsluvarðhald við góðan aðbúnað, en kvalinn af að hafa glatað trausti og velvild keisara míns. Eitt af því sem ég íhugaði var sú spurning, hvern mann keisaraynja hafði að geyma. Hugsanlega var samband þeirra keisara slæmt og álit hans á eiginkonu sinni lítið, og þess vegna hefði tiltæki okkar ekki komið honum á óvart, þótt hann yrði að bregðast við því. Ég var sannfærður um að hún væri alls ekkert lítilmenni sem myndi reyna að fegra hlut sinn á minn kostnað. Ekki gat ég virt henni til lasts að hún hefði látið undan tilfinningum sínum. Ég átti sjálfur nógu erfitt með mínar. Ef ég hefði vísað henni á bug á hinu afgerandi augnabliki, þá hefði ég sært og lítillækkað konu sem ég dáði og virti, og nánast gengið á bak sjálfum mér. Það hefði verið mér þungbærara en að missa af unaði okkar, þótt lengri hefði verið. Svona varð því að fara og ekki um annað að ræða en að taka afleiðingunum. Þannig var mér innanbrjósts, að mér fannst ég jafnvel maður að meiri, að slík kona vildi njóta kvenleika síns með mér.

Mér var ekki veittur kostur á *seppuku*. Það tel ég að hafi verið með ráðum gert, til að niðurlæging mín yrði sem mest. Eftir fáeina daga voru sögur um samskipti mín og keisaraynju orðnar að aðalúræðuefni fólks. Menn skiptust á hækum og tönkum, sumum listilega vel kveðnum. Þær voru hafðar uppi hvarvetna þar sem fundum manna bar saman, við kalls og hlátur

Samkvæmt lögum mátti ég vera





viðstaddur fund hjá héraðsdómi, þegar dómstjóri úthlutaði máli mínu um leið og ákæra var birt. Það gerði hann með orðunum: „Jæja, Tadayoshi-san, það er best að þér takið þetta mál, þér eruð jú svo kunnugur svona – *bormálum!*“ Með þessu var dómstjóri, á formlegum fundi, að ýja að einum hinna dýrari fyrriparta sem gengið höfðu fjöllum hærra undanfarna viku: „Biðill tól þá brúði fól / bor hlaut skjól þar nára ...“. Allir hlógu, flestir af innileik en aðrir af kurteisi – nema auðvitað ég. Mér var ljóst að dómara eru betur meðvitaðir en aðrir um þær mannlegu tilfinningar, sem kunna að búa að baki ólíklegustu málum, en samt leyfði hann sér nú að hafa þetta mál í flimtingum í áheyrn minni, væntanlegs sakbornings. Ég gat ekki annað en efast um sanngirni og óhlutdrægni þeirrar málsmeðferðar sem í vændum var.

Ég þekkti lítillega til Tadayoshi-san. Hann var af traustum samurai-ættum, greindur og duglegur piltur og góður lögfræðingur, en afar metnaðargjarn. Í dómaraströfum hafði hann ávallt verið hliðhollur valdastéttum og þeim sem

valdatengsla nutu. Hann hafði jafnvel gengið lengra í þeim efnum en sjálfur Hæstiréttur í Kyoto. Ætla mátti að hann vildi nýta málið til að greiða sér leið í Hæstarétt.

Ákæruatriðin voru mér þó meira áhyggjuefni. Þau voru, svo að hið lítilvægasta sé tekið fyrir fyrst, að ég hefði brugðist skyldum mínum sem embættismaður. Í öðru lagi hefði ég stefnt í hættu öryggi ríkisins. Í þriðja lagi hefði ég, hvorki meira né minna, gerst sekur um *crimen læsæ majestatis*, þ.e. atlögu að persónu keisarans. Ég gat ekki fundið að neitt hinna tilvitnuðu refsilagaboða ættu við um hátignarlegorð, enda voru alls engin ákvæði í japönskum hegningarlögum um slíkt. Var því opin leið fyrir saksóknara og dómara að koma sér í mjúk hjá æðstu stjórn ríkisins með kröfugerð og dómi úr takti við sett refsilög og þá sök sem ég þó kann að hafa borið. Víst var einnig að hvorki aðall né alþýða myndu taka vægum dómi vel.

Í gæsluvarðhaldinu gat ég, stöðu minnar vegna, átt nokkurt óbeint samband við saksóknara, enda þótt ekki væri gert

ráð fyrir því í lögum. Ég hafði búist við og vonast eftir líflátsdómi, en ekki átti mér að verða að þeirri ósk. Krafist var ævilangrar þrælkunarvinnu í tinnámum norður á Hokkaídó. Fræðilega séð er sú refsing talin mildari en líflát ef almúgamaður á í hlut, en ég taldi mig kunna nógu mikið í lögum til að vita að maður í minni stöðu ætti rétt á líflátsdómi, ef ekki *seppuku*, við aðstæður sem þessar. Í kröfugerð saksóknara fólst því félagslegur stöðumissir. Nærtækt var einnig að ætla að með ævilöngum þrælkunardómi myndi réttvísinn halda því fram, uns málið hyrfi í gleymiskunnar djúp, að mér hefði verið sýnd öll hugsanleg linkind og miskunn.

Á þessum tíma var japanskt sakamálaréttarfar þannig að saksóknari lagði fram skriflega ákæru en dómari sá um að upplýsa mál og dæma. Í samræmi við það var réttur settur og mér gert að svara spurningum Tadayoshi dómara. Ein hin fyrsta þeirra var: „Hvort ykkar átti frumkvæði að því að þið legðust saman?“

Ég hafði talsvert reynt að íhuga fyrirfram hvernig spurningu af þessu tagi yrði svarað. Fleira kom þar til en sannleiksþörf ein. Tvenns varð að gæta. Í fyrsta lagi, þá er ég karlmaður, og heiður minn sem slíks krefst þess að kona, sem veitir mér það er aðeins kona megnar að veita, hljóti fremur af því gæfu en ógæfu. Í öðru lagi var ég embættismaður keisara og skyldur til hollustu við hann og ríki hans. Það myndi vega að persónu hans, og jafnvel skaða öryggi ríkisins, að kenna sjálfri landsmóðurinni, Naomi keisaraynju, að einhverju leyti um hvernig farið hafði. Ég mátti einmitt ekki bregðast skyldum mínum og heiðri, hvorki sem maður né sem embættismaður. Ég varð að haga svari mínu með tilliti til þess:

„Ég veit, herra dómari, að þér gerið yður grein fyrir því, að ég á erfitt með að svara þessari spurningu. En – frumkvæðið var að öllu leyti mitt.“

Með formála mínum vildi ég gefa

dómara tækifæri til skilnings á þeirri aðstöðu sem ég var í. En hann virtist einfaldlega skilja mig þannig að erfitt sé að jata á sig sök. Ekki var um annað að ræða en að taka því. Dómarar eru jú eins og dómarar eru.

Við þrælum nú í tinnámunni frá sólar-uppkomu til sólseturs. Þá drögnumst við til búða svo að neyta megi þess sem heldur kröftum okkar uppi, grjónakássu og stundum súpuglundurs með einhvers konar kjöt- eða fisktægjum á stangli. Samþrælar mínir eru óupplýstir og ómenntaðir síbrotamenn og meira eða

minna ruglaðir vesalingar, sem leiðst hafa út í forboðnar athafnir, oft af ástæðum sem þeir höfðu ekkert vald yfir. Það finnst mér ég eiga sameiginlegt með þeim. Mér finnst samt sá munur vera á, að þeir gátu neitað sök án þess að brjóta með neitun sinni gegn þeim hagsmunum, sem þeir voru sakadír um að hafa raskað – en voru dæmdir þó.

Einstaka sinnum reyna gamlir vinir að senda mér skilaboð fyrir milligöngu varðanna. Tadayoshi-san er víst orðinn hæstaréttardómari. Mér skilst að Naomi keisaraynja sé enn í sömu stöðu við hlið eiginmanns síns. Ég vonast til að hún

minnst mín og geti einhvern tíma beitt áhrifum sínum til að ég verði frjáls að nýju. Ég veit einnig að Saburo keisari er ekki lítilsigldur maður. Honum eru ljósir kostir manna og gallar, og hann hefur áður getað sýnt mönnum mildi, þótt eftir á að hyggja hafi það sennilega aðeins gerst ef hann hefur séð sér pólitískan hag að. En sátt hans við konu sína kann að benda til þess að hann telji sér einnig fært að sættast við mig.

Ég þræla og vona.

Sayonara.

Myndir teknar af Wikipediu, sjá: http://en.wikipedia.org/wiki/File:Kobayashi_Izanami_and_izanagi.jpg

NOTUÐ HÆSTARÉTTARLÖGMANNSSKIKKJA TIL SÖLU. UPPLÝSINGAR Á MIÐLARANUM Á HEIMASÍÐU LMFÍ.



Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Iceland
5 400 300
5 400 301

42 New Broad Street
London EC2M 1 JD
England
+44 (0) 207 920 3020
+44 (0) 207 920 3099

logos@logos.is
www.logos.is

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

Stefnumót við Hæstarétt



FÉLAG KVENNA Í LÖGMENNSKU hefur þetta starfsárið 2013-2014 staðið fyrir stefnumótarið. Þann 28. nóvember sl. heimsótti hópur kvenlögmannna þannig ædsta dómstól landsins, Hæstarétt Íslands, að dómhúsinu við Arnarhól. Rúmlega sextíu lögmenn voru skráðir til leiks, þ. á m. heiðursfélagi félagsins frú Guðrún Erlendsdóttir fyrrum hæstaréttardómari, og á annan tug hæstaréttarlögmannna. Færri komust að en vildu en fullt varð á stefnumótið innan sólahrings frá upphafi skráningar.

Heimsóknin hófst á því að tveir aðstoðarmenn hæstaréttardómara, lögfræðingarnir Guðlaug Jónasdóttir og Valgerður Sólves, kynntu gestum starfsemi Hæstaréttar og þróun hin síðari ár. Þá voru gestir leiddir um bygginguna með leiðsögn; frá aðalinngangi eftir gönguhalla í þingsal, móttökuherbergi forseta Hæstaréttar, aðstöðu dómara og minni dómstól réttarins. Var gestum kynnt saga byggingarinnar

og þau listaverk sem fyrir augu bar. Að endingu var haldið í aðaldómsal réttarins þar sem þær Ingibjörg Benediktsdóttir hæstaréttardómari og Ingveldur Einarsdóttir settur hæstaréttardómari buðu gesti velkomna. Að heimsókn lokinni var gestum boðið til móttöku að skrifstofu Lögmannna Laugavegi 3 þar sem kvenlögmonnum gafst tækifæri til þess að ræða saman og efla tengsl sín í milli. Að móttökunni stóðu eigendur stofunnar, Lára V. Júlíusdóttur hrl. og Hulda Rós Rúníksdóttir hrl. Áttu lögmenn þar góða stund saman fram undir kvöld.

Félag kvenna í lögmennsku kann Hæstarétti Íslands og Lögmonnum Laugavegi 3 kærar þakkir fyrir góðar móttökur.

*Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl.,
formaður stjórnar FKL*



F.v. Helga Vala Helgadóttir, Margrét Gunnlaugsdóttir, Hjördís Harðardóttir og Berglind Svavarsdóttir.



F.v. Hulda Rós Rúriksdóttir og Lára V. Júlíusdóttir.



F.v. Guðrún Björk Bjarnadóttir, Svanhvít Axelsdóttir og Guðrún Björg Birgisdóttir.



F.v. Guðrún Sesselja Arnardóttir, Guðrún Erlendsdóttir og Marta Margrét Rúnarsdóttir.

UM FKL

Félag kvenna í lögmennsku var stofnað 4. mars 2004. Tilgangur þess er m.a. að stuðla að fjölgun kvenna í lögmennsku, svo sem með því að gera konur í lögmennastétt sýnilegri, svo til staðar sé fagleg fyrirmynd fyrir konur í lögfræðngastétt. Jafnframt með því að halda uppi umræðu um og standa vörð um hagsmunamál kvenna í stéttinni. Félagið starfar innan vébanda félagsdeildar LMFÍ. Upplýsingar um félagið má finna undir heimasíðu LMFÍ en auk þess heldur FKL Facebook síðu þar sem viðburðir eru auglýstir.

Stjórn félagsins starfsárið 2013-2014 skipa eftirfarandi lögmenn:

Marta Margrét Rúnarsdóttir hdl. formaður,
 Erna Heiðrún Jónsdóttir hdl.,
 Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.,
 Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.,
 Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.,
 Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.,
 Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl.,



F.v. Elín Ósk Helgadóttir, Fanney Hrund Hilmarsdóttir, Sigríður Rut Júlíusdóttir og Björg Valgeirsdóttir.

Áhugaverðast að fást við mál sem tengjast sögulegum atburðum í Evrópu

DAVÍÐ ÞÓR BJÖRGVINSSON HEFUR NÝLEGA LOKIÐ STÖRFUM SEM DÓMARI VIÐ MANNRÉTTINDADÓMSTÓL EVRÓPU EFTIR NÍU ÁR Í STRASSBORG Í FRAKKLANDI. Á ÞESSUM TÍMA HEFUR HANN KOMIÐ AÐ MÖRGUM MANNRÉTTINDAMÁLUM EN EINNIG LAUK HANN FYRR Í HAUST DOKTORSGRÁÐU Í ÞJÓÐARÉTTI VIÐ UNIVERSITÉ DE STRASBOURG. NÝ HEIMKYNNI BÍÐA DAVÍÐS EN HANN HEFUR NÚ RÁÐIÐ SIG Í STÖÐU PRÓFESSORS VIÐ LAGAEILD KAUPMANNAHAFNARHÁSKÓLA ÞAR SEM ÍSLENDINGAR LÆRÐU LÖG FORÐUM. LÖGMANNABLAÐIÐ RÆDDI VIÐ DAVÍÐ Á ÞESSUM TÍMAMÓTUM.

Hvernig var að búa og starfa í Strassborg?

Ég er búinn að vera í Strassborg frá árinu 2004 og líkaði vel. Framan af var fjölskyldan með mér en síðustu fimm árin bjó ég þar að mestu einn. Það er margt að gerast í Strassborg og þótt hún sé ekki stórborg þá er menningarlífið blómlegt og maður naut þess að vera í félagsskap þeirra sem starfa hjá Evrópuráðinu og tilheyra því.

Það sem mér hefur þótt áhugaverðast í starfinu er að fást við mál sem tengjast mikilvægum atburðum í sögu Evrópu. Til dæmis eru fjöldi mála til meðferðar sem eru afleiðingar af hruni kommúnistaríkjanna. Með því að fást við slík mál fæst einstök innsýn í þau vandamál sem þessi lönd hafa verið að glíma við. Einnig tók ég þátt í að dæma fjölda mála frá Tyrklandi sem hafa verið mjög forvitnileg. Einkum fékkst ég mikið við mál sem spruttu af innrás Tyrkja í Kýpur árið 1974, fyrir 40 árum síðan, en það er ennþá verið að fást við

eftirmál hennar. Þúsundir manna voru reknir burtu af heimilum sínum og af þessu risu eignaréttarmál, sem og mál er varða rétt til friðhelgi einkalífs, þar sem fólk hefur ekki getað snúið aftur. Einnig hvarf fjöldi manna sporlaust og ættingjar leituðu réttar síns. Þá sætti fólk illri meðferð í fangelsi. Svona mætti lengi telja. Afleiðingarnar sem þessi innrás hafði fyrir þúsundir manna voru og eru enn skelfilegar. Eins má geta um einn málaflokk, sem ég hef sinnt mjög mikið síðustu árin, en það eru svokölluð „Rule 39“ mál þar sem kærendur fara fram á lögbann við því að verða snúið aftur til heimalands síns vegna hættu á illri meðferð. Mörg þessara mála tóku mikið á.

Í dómarastrarfinu hafði ég einnig tækifæri til að heimsækja mörg þessara landa til að taka þátt í fundum með æðstu dómurum þar, kenna á námskeiðum og halda fyrirlestra. Það má til dæmis nefna lönd eins og Kýpur, Azerbajjan, Armeníu, Tyrkland, Moldóvu

og Balkanríkin, þ.e. Svartfjallaland, Serbíu, Makedóníu, Bosníu-Herzegovínu, og ýmis fleiri. Kannski eru þó eftirminnilegastar ferðir til Bahrain við Persaflóa (sem auðvitað er þó ekki aðildarríki) til að kenna á námskeiði um réttláta málsmeðferð annars vegar og tjáningarfrelsið hins í samstarfi við bandarísku lögmannaamtökin fyrir á þessu ári. Mannréttindavernd á þessum slóðum er víða mjög ábótavant. Þannig er vissulega margt skemmtilegt og áhugaverð að minnast sem vonandi hefur orðið og á eftir að verða einhverjum til góðs.

Mörg eftirminnileg mál

Má segja að dómarastrarf hjá MDE snúist um að láta gott af sér leiða?

Jú, þetta snýst um mannréttindi, snýst um fólk. Markmiðið með sáttmálanum er að vernda einstaklinga gegn því að mannréttindi þeirra séu fótum troðin. Það má auðvitað orða þetta svo að

Alls eru 47 dómurarnar við MDE sem koma frá flestum Evrópulöndum. Dómurum er skipt upp í fimm deildir með níu til tíu dómurum í hverri þeirra. Í hverjum dómi sitja yfirleitt sjö dómurarnar, en í yfirdeild, Grand Chamber, sitja 17 dómurarnar.

starfið snúist um að láta gott af sér leiða. Í mörgum þessara landa eru vandamálin mjög alvarleg, þar sem fólk er pyntað eða sætir annarri illri meðferð, og aðstæður í fangelsum eru víða skelfilegar. Þá er flóttamanna- og innflytjendavandinn vaxandi og aðstæður flóttamanna eða innflytjenda, t.d. í Grikklandi eða á Ítalíu, verulega slæmar. Svo eru auðvitað önnur mál sem maður getur í vissum skilningi sagt að séu „mýkri“ þótt það séu auðvitað mikilvæg mannréttindamál, eins og t.d. tjáningarfrelsið sem hefur verið löng og ströng barátta fyrir í mörgum þessara ríkja. Án tjáningarfrelsis er ekkert virkt lýðræði.

Getur þú nefnt fleiri eftirminnilegt mál sem þú tókst þátt í að dæma?

Það eru mörg mál sem eru eftirminnileg. Eitt þeirra er „Al Skeini gegn Bretlandi“ sem var fyrir yfirdeildinni, og snérist um það hvort og að hve miklu leyti breskir hermenn, sem tóku þátt í stríðsrekstri í Írak, ættu að virða mannréttindasáttmála Evrópu í samskiptum sínum við óbreytta borgara þar. Maður hefði haldið fyrirfram að þeir myndu ekki vera skuldbundnir sáttmálanum á slíku ferðalagi þar sem þetta væri utan lögsögu Bretlands. En það var nú niðurstaðan engu að síður á grundvelli þess sem kallast „effective control“. Lögsaga dómstólsins er ekki bara landfræðileg heldur eru ríkin sem eru aðilar að sáttmálanum einnig bundin af honum í samskiptum sínum í öðrum heimshlutum ef skilyrði um „effective control“ er uppfyllt. Þetta er dæmi um mál sem var í senn áhugavert og



Davíð Þór Björgvinsson hefur gegnt mörgum trúnaðarstörfum á starfsferli sínum. Auk þess að hafa verið dómari við MDE, hefur hann verið fulltrúi á lögmannsstofum, aðstoðarmaður dómara við EFTA dómstólinn og prófessor við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík svo fátt eitt sé nefnt.

mikilvægt í hinu stærra heimspólitíska samhengi.

Annað mál sem er eftirminnilegt er „Konanov gegn Lettlandi.“ Það varðaði meinta stríðsglæpi sem Konanov þessi átti að hafa framið í seinni heimstyrjöldinni. Það var talið að Lettland hefði ekki brotið gegn ákvæðum sáttmálans með þessum málarekstri gegn honum eftir að Lettar fengu sjálfstæði sitt. Málið var stórpólitískt og Rússar mjög ósáttir, enda var maðurinn álitinn stríðhetja þar í landi.

Mörg mál gegn Bretlandi hafa verið mjög áhugaverð, þótt þau teljist misjafnlega mikilvæg. Ég var svo heppinn að vera mestan minn tíma í

deildinni þar sem fengist er við mál gegn Bretlandi. Má þar nefna „Eveida o.fl. gegn Bretlandi“ en þar reyndi á hvort vinnuveitanda er heimilt að banna starfsmönnum sínum að bera trúartákn á sér. Flugfreyja hjá einu bresku flugfélaganna vildi bera kross og hafa hann sýnilegan utan yfir einkennisbúninginn en flugfélagið hafði bannað það. Starfsmaður borgarskrifstofu vildi ekki gefa saman fólk af sama kyni af trúarlegum ástæðum og stóð frammi fyrir starfsmissi. Þótt deila megi um alvarleika eða mikilvægi slíkra mála eru þau býsna áberandi í Evrópu þessa dagana.

Enn eitt eftirminnilegt mál er „Mosley



gegn Bretlandi.“ Framkvæmdastjóri Formúlu 1 kappakstursins hafði keypt sér þjónustu fimm vændiskvenna á einu bretti og ein þeirra var með vídeómyndavél þannig að myndir rötuðu á síður slúðurblaðanna í Bretlandi. Mosley taldi þetta brot á friðhelgi einkalífsins sem fallist var á. Á hinn bóginn var ekki fallist á að af 8. gr. MSE leiddi að ríki væri skylt til að hafa í lögum ákvæði sem skylduðu blaðamenn til þess að vara menn við birtingu á slíku efni svo þeir gætu farið fram á lögbann á birtingu fyrir dómstólum.

Erfiðir tímar framundan hjá Mannréttindadómstól Evrópu

Nú liggja mörg mál fyrir MDE, ekki satt?
Jú, það bíða um 120.000 mál hjá dómnum en voru um 160.000 þegar verst lét. Þannig hefur náðst talsverður árangur. Meðal annars vísaði ég einn (auðvitað með aðstoð lögfræðinga) sem „single judge“, eins og það er kallað, um fjögur þúsund málum frá gegn Póllandi á árunum 2012 og 2013. Þessi gríðarlegi málafjöldi er þó ekki eini vandinn sem dómstóllinn glímur við þessa dagana en hann sætir vaxandi gagnrýni fyrir að hafa gengið alltof langt í því að skipta sér af innanríkismálum aðildarlandanna. Vaxandi krafa er frá ríkjum um að virt séu rýmri vikmörk sem kallað er (margin of appreciation) sem og nálægðarreglan (subsidiarity) þar sem vernd mannréttinda eigi fyrst og fremst heima í

aðildarríkjum sjálfum. Þá er samsetning dómsins gagnrýnd og að þar séu ungir og reynslulitlir dómara. Gagnrýnin er sérstaklega frá Bretlandi en einnig hefur heyrst að ekki hafi tekist að skipa hann nægilega færur dómurum undanfarin ár. Margt er hæft í þessari gagnrýni og annað ekki, eins og gengur. Þá setur strík í reikninginn mannréttindaskrá ESB og vald dómstóls ESB til að túlka hana. Með því er viss hættu á að það þrengi að hlutverki MDE þegar til lengri tíma er litið. Dómstóllinn á þannig klárlega við visst pólitískt andstreymi að stríða og það verður hlutverk þeirra dómara sem skipaðir hafa verið undanfarið að finna leið til að styrkja hlutverk hans í framtíðinni.

Hvað með íslensk mál sem komið hafa fyrir dómstólinn?

Ég hef komið að íslenskum málum sem hafa verið tekin fyrir hjá dómstólnum enda er alltaf dómari frá viðkomandi landi í hverju máli. Að vísu koma dómara ekki að málum á frumstigi, þegar þau fara í það sem kallast „eins manns dóm“ heldur eftir það. Ég var meira að segja í tveimur íslenskum málum áður en ég byrjaði störf mín hjá MDE, sem Ad Hoc dómari, í málum Péturs Þórs Sigurðssonar og Kjartans Ásmundssonar.

Síðan hafa verið nokkur íslensk mál, mismunandi mikilvæg, en ég get nefnt mál Söru Lindar Eggertsdóttur sem var skaðabótamál gegn ríkinu og leiddi til breytinga á ákvæðum laga um hlutverk lækna ráðs í slíkum málum.

Síðan var mál Varðar Ólafssonar gegn Íslandi. Það fjallar um neikvætt félagafrelsi og var talið að þau ákvæði laga um iðnaðarmálalagjalld væru í andstöðu við 11. gr. mannréttindasáttmálans. Dómar í málum tveggja blaðamanna frá júlí 2012 vöktu síðan talsvert mikla athygli en þau fjölluðu um brot á 10. gr sáttmálans um tjáningarfrelsið eins og margir þekkja. Nokkuð þótti skorta á að Hæstiréttur Íslands annars vegar og

héraðsdómur hins vegar hefðu í málum gætt þeirra sjónarmiða sem fram koma í dómaframkvæmd MDE um túlkun 10. gr.

Vernd mannréttinda á Íslandi með því besta sem gerist

Þurfa íslensk stjórnvöld eða dómstólar á Íslandi að beina sjónum sínum að einhverju sérstöku þegar kemur að sáttmálanum?

Nei, ég held ekki, þótt auðvitað almenn vitneskja þeirra og kunnátta í sáttmálanum og dómaframkvæmd MDE mætti stundum vera meiri. Þar er auðvitað líka við lögmennastéttina að sakast, því það er mikilvægt hlutverk lögmanna í réttarríki að leggja upp í hendur dómstóla röksemdir sem sækja í réttindi sem sáttmálinn tryggir og dómaframkvæmd MDE. Á hinn bóginn, sé Ísland borið saman við önnur lönd, er vernd mannréttinda á Íslandi með því besta sem gerist í heiminum. Breytir engu þótt slegið sé á puttana á íslenskum dómstólum í einstökum málum. Á Íslandi eru engin stórvægileg eða kerfislæg vandamál varðandi mannréttindi, þótt auðvitað megi endalaust finnstilla ákveðna þætti. Vilji til að vernda mannréttindi á Íslandi endurspeglast m.a. í þeirri staðreynd að Ísland er bundið af sáttmálanum og íslenska ríkið hefur tekið á sig skuldbindingu að þjóðarétti til að framfylgja honum, sem og framfylgja dómum dómstólsins sem falla gegn íslenska ríkinu.

Sterk samnorræn lagahefð

Nú ert þú nýráðinn prófessor við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla, hvernig leggst það í þig?

Mjög vel. Þessi prófessorstaða er með áherslu á alþjóðleg mannréttindi og það verður gaman að fara kenna við lagadeild skólans þar sem íslenskir lögfræðingar stúderuðu um aldir og allt til ársins 1908 þegar Lagaskólinn var stofnaður og margir eftir það í

framhaldsnámi. Þessi lagadeild gegnir mikilvægu hlutverki í sögu Íslands eins og Danmerkur og tengslin hafa alltaf verið sterk. Lögfræðingar af minni kynslóð, og ég tala nú ekki um þeir sem eru eldri en ég, lásu mikið danskar kennslubækur og þeir fræðimenn sem þær skrifuðu eru nafntogaðir meðal íslenskra lögfræðinga, ekkert síður en danskra. Réttarkerfið er náskylikt og við höfum vegna sögulegra tengsla við Dani tekið upp fyrirmyndir þaðan sem og frá Noregi og Svíþjóð, eins og allir lögfræðingar þekkja. Það er mjög sterk samnorðun lagahefð og þess vegna má segja að maður ætti að passa ágætlega inn.

Þess má og geta að innan lagadeildar Kaupmannahafnarháskóla er síðan starfrækt stofnun sem heitir Courts, sem sérhæfir sig í rannsóknum á alþjóðlegum dómstólum frá ýmsum sjónarhornum. Þarna er fólk með mismunandi bakgrunn; lögfærði, sagnfræði, stjórnmálafræði, félagsfræði og í fleiri greinum. Ég taldi að það myndi passa vel fyrir mig að starfa í slíku umhverfi og hlakka til að takast á við það. Ég mun dvelja talsvert í Kaupmannahöfn en nálægðin er meiri við Ísland en áður og ég reikna með því að vera talsvert mikið meira hér á Íslandi heldur en ég hef verið síðustu ár.

Veikleikar íslenskra stjórnmála

Þú fylgdist úr fjarlægð með efnahagsbruninu og atburðum sem fylgdu í kjölfarið. Hvernig kom þér þetta fyrir sjónir.

Ísland var mikið í umræðunni í kjölfar hrunsins og kannski áhugaverðara að segja frá því hvernig þetta koma ýmsum kollegum mínum fyrir sjónir. Mörg málanna vöktu athygli þarna úti. Vil ég þar sérstaklega nefna Landsdómsmálið og Stjórnarskrármálið. Ýmsir erlendir viðmælendur mínir voru forvitnir um Landsdómsmálið. Þótti mörgum sem til

fyrirmyndar væri að pólitískir leiðtogar yrðu með þessum hætti dregnir til ábyrgðar fyrir störf sín. Þegar kom að því að skýra út fyrir mönnum hvers vegna aðeins einn maður var ákærður, sem og að hann hefði á endanum verið fundinn sekur um að halda ekki fundi, setti þá hljóða. Þótti mönnum sem eftirtekjan eftir þessa miklu vegferð hafi verið rýrari en stefnt var að í upphafi. Ég held að þeir hafi fljótlega gert sér grein fyrir að málattilbúnaður sá allur af hálfu meirihluta þingsins gæti seint orðið öðrum ríkjum fyrirmynd um opna, ábyrga og lýðræðislega stjórnarhætti.

Sama á við um Stjórnarskrármálið en margir kollegar lofuðu framtakið um að kjósa Stjórnlagabing og þótti það áhugaverð lýðræðisleg tilraun. Þegar fréttir bárust af ógildingu kosninganna og viðbrögðum ríkisstjórnarinnar runnu á menn tvær grímur. Eftir því sem ferlið lengdist varð mönnum aftur ljóst að fyrirmyndir um hvernig standa ætti að heildarendurskoðun Stjórnarskrár í þróuðu réttarríki yrðu ekki sóttar til Íslands, a.m.k. ekki í bili. Vonandi tekst mönnum að finna því máli betri farveg þannig að æskilegar breytingar á Stjórnarskránni verði gerðar í meiri pólitískri sátt.

Eitt enn vil ég nefna sem einnig vakti athygli en það var hvernig forseti Lýðveldisins beitti synjunarvaldi sínu í ICESAVE málinu. Þótti mönnum einkennilegt að verið væri að semja við ríkisstjórn sem forsetinn gerði í tvígang afturreka með erindi sín, jafnvel þótt sú ríkisstjórn hefði lýðræðislega kjörinn löggjafa á bak við sig. Haft var á orði að menn hefðu betra við tímann að gera en að semja við ríkisstjórn sem ekki hefði umboð til samningagerðar. Ég undrast mest að Stjórnmalastéttin hafi látið þessa framgöngu forsetans yfir sig ganga, með því að hafa ýmist stutt forsetann eða gagnrýnt fyrir beitingu synjunarvaldsins, allt eftir pólitískum skammtímahagsmunum hverju sinni, í stað þess að einbeita sér að því að

setja um þetta eitthvert skynsamlegt regluverk. Frá stjórnskipulegu sjónarmiði getur þetta fyrirkomulag seint orðið öðrum ríkjum fyrirmynd. Legg ég þó engan dóm á það að öðru leyti hvort þessi samningar voru góðir eða slæmir.

Auðvitað verður samt að horfa á þessi mál í ljósi þess að það varð mjög alvarlegt efnahagshrun með meðfylgjandi kreppu í stjórnmálum. En á margan hátt hafa þessi mál líka endurspeglad veikleika íslenskra stjórnmála.

Hefur lögfræðingastéttin staðið vaktina í þessum málum?

Það vantar nokkuð upp á það að íslenskir lögfræðingar, þ.m.t. fræðimenn í háskólum landins, blandi sér í þjóðmálaumræðuna og beiti til þess lögfræðilegum rökum. Það er frekar undantekning að málsmetandi lögfræðingar geri það með gagnrýnum hætti. Í þessu litla íslenska samfélagi liggja hagsmunapræðirnir víða í fjölskylduvináttu- og stjórnmálatengslum. Menn veigra sér við að standa fyrir gagnrýnni og opinni umræðu sem byggð er á fræðilegri sérþekkingu. Menn eru umsvifalaust dregnir í pólitíska dilka og tortyggðir sem pólitískir andstæðingar eða hlaupatíkur einstakra stjórnmálafla, þótt þeim gangi ekkert annað til en að leggja til umræðunnar á ábyrgan og málefnalegan hátt. Þetta er miður.

Eitthvað að lokum?

Ég er þakklátur fyrir tækifærið sem ég fékk til að starfa hjá Mannréttindadómstól Evrópu, sem þrátt fyrir efasemdir og gagnrýni margra, er einstök stofnun á heimsvísu. Þetta hefur verið sérlega áhugavert og gefandi. Ég er líka þakklátur fyrir tækifærið sem ég hef fengið til að vinna úr þessari einstöku reynslu í kennslu og fræðistörfum við lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn. Ég óska eftirmanni mínum Róbert R. Spanó velfarnaðar í þessu mikilvæga starfi.

Eyrún Ingadóttir



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is